

SIGRÍÐUR ÞÓRA ÁSGEIRSDÓTTIR

Lærði förðun og hár-
greiðslu í Los Angeles

• á ferðinni

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



SKÁLDSÖGUR

Umtöluð, heillandi og
eftirminnileg verk

Sérblað um skáldsögur

FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. október 2009 — 255. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Hannar barnaföt



Hönnuðurinn Birta Björnsdóttir í Júniform hennar kjóla og peysur á litlar stúllur.

FÓLK 26

Hrunið breytti miklu

Þráinn Jóhannsson skósmíðameistari fagnar 25 ára rekstrarafmæli Þráins skóara um þessar mundir.



TÍMAMÓT 16

Konur sem kvikmynd

Framleiðslufyrirtækið Zik Zak hefur tryggt sér kvikmyndaréttinn að skáldsögu Steinars Braga, Konum.

FÓLK 26


Þurfti nýja áskorun



Ólafur Stefánsson er ánægður með nýjan kafla á ferli sínum hjá Rhein-Neckar Löwen.

ÍPRÓTTIR 22

VEÐRIÐ Í DAG



RIGNING Í dag verða austan 8-13 m/s, en 13-18 við suðurströndina fyrir hádegi. Víða rigning einkum suðaustanlands, en væta í flestum landshlutum síðdegis. Hitinn verður á bilinu 2-8 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

SÆNGURNAR KOMNAR AFTUR

Dúnsæng 140x200
Aðeins kr. 14.900,-

Dúnkoddi 50x70
Aðeins kr. 3.900,-



Holtagörðum
512 6800
www.dorma.is

Vogunarsjóðir sjá tækifæri í íslensku bönkunum á ný

Sjóðir sem högnuðust á falli íslenska efnahagslífsins eru meðal helstu kröfuhafa bankanna. Nýju bankarnir verða hreinsaðir af lélegum kröfum. Þúsund milljarðar króna hafa því sem næst verið afskrifaðir.

EFNAHAGSMÁL Vísbendingar eru um að bandarísku vogunarsjóðirnir sem veðjuðu gegn íslensku bönkunum í fyrravor eignist Íslandsbanka og Nýja Kaupþing að mestu leyti.

Kröfuhafar Glitnis ákváðu að taka 95 prósent hlut í Glitni fyrir hálfum mánuði. Um mánaðamótin ræðst hversu stóran hlut kröfuhafar Kaupþings taka í nýja bankanum.

Vogunarsjóðirnir keyptu skuldatryggingar Glitnis, Kaupþings og Landsbankans í fyrravor með þeim afleiðingum að vaxtakjör bankanna ruku upp, og áttu þeir örðugt með fjár-

mögnun á erlendum mörkuðum. Þá er grunur um að sjóðirnir hafi tekið skortstöður gegn erlendum fyrirtækjum sem þau íslensku áttu hlut í. Við það jókst álagið á íslensku fyrirtækin og keyrði það hlutabréf þeirra niður.

Eftir fall bankanna fyrir ári sóttu vogunarsjóðirnir í að kaupa skuldabréf íslensku bankanna af þýskum bönkum og evrópskum fjármálafyrirtækjum. Evrópsku fyrirtækin höfðu flest tapað háum fjárhæðum eftir þrot íslensku bankanna og höfðu litla löngun til að eiga bréfin, hvað þá hlut í bönkunum. Að því leyti teljast vogunarsjóðirnir heppilegri eigendur.

Skuldabréf Glitnis og Kaupþings voru seld með allt að 98 prósentu afslætti eftir fall bankanna í fyrra. Verðið hefur að minnsta kosti fjórfaldast síðan þá og er meiri hækkunar vænst.

Þeir sem Fréttablaðið hefur rætt við segja vogunarsjóðina hafa aflað sér mikillar þekkingar á íslensku efnahagslífi eftir viðskipti við Íslendinga um árabíl. Þá kunni þeir að sjá hagnaðarvon í endurreisn íslenska efnahagslífsins, ekki sist eftir að verstu eignirnar hafa verið hreinsaðar úr bókum bankanna, þar á meðal skuldir eignarhaldsfélaga.

Seðlabankinn sagði í fyrradag

skuldir eignarhaldsfélaganna nema eitt þúsund milljörðum króna. Kröfur á þau hafa verið færðar niður í bókum bankanna. Skilanefnd Glitnis býst í besta falli við að tíu prósent skuldanna skili sér. Árni Tómasson, formaður skilanefndarinnar, staðfestir þetta og segir allt eins líklegt að krafan verði strikuð úr bókum bankans. Ekki mun þó um afskrift lána að ræða og kann því eitthvað að skila sér í hús á endanum.

Mikil áhætta er sömuleiðis falin í kröfum á rekstrarfélög, sem mörg hver standa illa. Það er helsti vandi bankanna í dag.

- jab



DAGUR BANGSANNA Alþjóðlegur bangsadayur var á leikskólum í gær, á afmælisdegi Theodores Roosevelt, sem hugtakið „Teddy Bear“ er kennt við. Haukur Leó Sigurðsson, Brynjar Þór Hlynsson og Soumya Sandip Shelke á Mánagarði voru alsæl með daginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eitt vöðvatröll gefið öðru:

Arnold fær styttu af Pútín

RÚSSLAND Rússneska vaxtarreктar-sambandið hefur látið gera brjóstmynd af Vladímír Pútín sem gefa á Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóra Kaliforníu.

Árið 1991 gaf sambandið Schwarzenegger styttu af honum og þáverandi forseta sambandsins.

Þegar forystumenn sambandsins komust að því að Arnold safnaði styttum ákváðu þeir að láta gera fyrir hann styttur af sovétleiðtogunum Lenín og Stalín. Fleiri leiðtogar fylgdu í kjölfarið, og nú er komið að Pútín.

Talsmaður Pútíns segir hann ekki samþykkan uppátækinu. Hann vilji alls ekki að gert sé út á persónulegar vinsældir hans.

- sh



STYTTAN AF PÚTÍN

Léttara fyrir sjávarútvegsfyrirtæki að semja um lán sín en aðrar atvinnugreinar:

Fimmtungur lána í frystingu

EFNAHAGSMÁL Fyrirtæki í sjávarútvegi hafa í miklum mæli fryst höfuðstól gengistryggðra lána. Fyrirtækin eru með 11,5 prósent af heildarlánunum íslenskra fyrirtækja og er nær eingöngu um gengistryggð lán að ræða, eða 95 prósent. Alls hefur höfuðstóll 21 prósent útistandandi lána verið frystur.

Þetta kemur fram í riti Seðla-

banka Íslands, Fjármálastöðugleiki 2009. Seðlabankinn nefnir nokkrar mögulegar ástæður fyrir þessari þróun. Lánastofnanir séu viljugri til að frysta höfuðstól lána sjávarútvegsfyrirtækja vegna þess að þau séu talin lífvænlegri en fyrirtæki í mörgum öðrum atvinnugreinum. Eins að sjávarútvegurinn vilji geyma greiðslur til að hámarka gjaldeyristekjur

og frysti lánin í von um hagstæða gengisþróun.

Rúmlega helmingur gengisbundinna lána sjávarútvegsins var tekinn í svissneskum frönskum og japönskum jenum. Mjög lítill hluti útflutningstekna er í þessum myntum og er þetta misræmi í samsetningu tekjuöflunar og útlána talið geta valdið útveginum erfiðleikum.

- shá



Loksins aftur habitat

Opnum eftir 3 daga

SPURNING DAGSINS



Ragnar, er þetta fundið fé?

„Þetta er lausafé, sem ekki veitir af.“

Smala á villtu sauðfé til slátrunar á fjallhryggnum Tálkna, milli Patreksfjarðar og Tálknafjarðar. Ragnar Jörundsson er bæjarstjóri í Vesturbýggð.

Stöðugleiki og samningar:
Líklegt talið að samningar haldi

VINNUMARKAÐUR Enn var ekki komið í ljós hvort kjarasamningar á almennum vinnumarkaði yrðu framlengdir þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Þó töldu forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambandsins það líklegra en hitt. Á ellefta tímanum biðu þeir eftir Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra og lokatexta yfirlýsingar stjórnvalda varðandi stöðugleikasáttmálan.

Viðræður þokuðust lítið áfram fram eftir degi í gær og svart-sýni ríkti. Nokkur skriður komst á málið þegar stjórnvöld höfðu tekið tillit til nokkurra þeirra atriða sem staðið höfðu í vegi fyrir því að stöðugleikasátt og samningar lifðu kvöldið.

Maður á sextugsaldri lést:
Banaslys á Fljótsdalshéraði

SLYS Karlmaður á sextugsaldri lést í umferðarslysi sem varð á Fljótsdalshéraði á afleggjaranum að bænum Hlíðarhúsum í Jökulsárhlíð. Ökumaður dráttarvélar ók út af veginum og valt hún í Fögruhlíðará, en vélin var hálf í kafi í ánni þegar að var komið.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa telur líklegast að ofkæling hafi valdið dauða mannsins. Ekki er vitað með vissu hvort slysið átti sér stað um nóttina eða í gærmorgun, en maðurinn fannst skömmu eftir hádegi í gær.

DÓMSTÓLAR

Ákærður fyrir hótanir

Tvítugur maður hefur verið ákærður fyrir ítrekaðar hótanir í garð lögreglu-konu. Meintar hótanir áttu sér stað í fyrrasumar í Hafnarfirði.

Fátækt og ójöfnuður sem fylgir ríkjandi þjóðfélagsástandi ýtir undir einelti:

Fimm þúsund börn eru lögð í einelti

SAMFÉLAGSMÁL Um fimm þúsund íslensk börn eru lögð í einelti á hverju ári, að meðaltali tvö börn í hverjum bekk í grunnskóla. Þetta sýna rannsóknir. Í gær var blásið til sérstaks átaks gegn einelti á vegum samtakanna Heimilis og skóla, undir yfirskriftinni Stoppum einelti strax.

Forsvarsmenn átaksins segja að aldrei sé eins mikilvægt og nú að vera vel á verði gagnvart einelti. Líklegt sé að fórnarlömbum eineltis fjölgi í þjóðfélagsástandi eins og því sem nú ríkir, vegna þess að ójöfnuður og fátækt séu þættir sem öllu jafna yta undir einelti.

Afleiðingar eineltis geti fylgt

þolendum alla ævi, þeir séu líklegri til að eiga við geðræn vanda-mál að stríða, flosni upp úr námi og eigi oft erfitt með að fóta sig á vinnumarkaðnum. Þá séu sjálfs-víg algeng og afleiðingarnar hafi sums staðar brotist út í því að þolendurnir hafi ráðist á skólafélaga sína. Dæmi um það séu skotárásir í erlendum skólum. Þá séu gerendur líklegri en aðrir til að stríða við andfélagslega hegðun á fullorðins-árum, fremji frekar glæpi og neyti fíkniefna.

Langstærstur hluti þeirra for-eldra sem leita til Heimilis og skóla á ári hverju gerir það vegna þess að börn þeirra eru lögð í einelti.



ÁTAKINU YTT ÚR VÖR Sjöfn Þórðar-dóttir, formaður Heimilis og skóla, afhenti Ögmundi Jónassyni, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, og Ingibjörgu Baldursdóttur, móður pilts sem svipti sig lífi vegna eineltis, nýtt fræðsluhefti um einelti.

Skattar álfyrirtækja 1,9 milljarðar í fyrra

Álfyrirtæki á Íslandi greiddu samtals 1,9 milljarða í tekjuskatt og tryggingagjald í fyrra. Fjármálaráðuneytið óskaði upplýsinga um þetta eftir að forstjóri Alcoa sagði í viðtali að fyrirtækið hefði greitt um fjóra milljarða í beina skatta í fyrra.

STÓRIÐJA Álfyrirtæki á Íslandi greiddu samtals um 1,9 milljarða í tekjuskatt og tryggingagjald á síðasta ári. Þetta segir Indriði H. Þorláksson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra og fyrrverandi ríkisskattstjóri, og vísar til upplýsinga frá embætti Ríkisskattstjóra.

Fjármálaráðuneytið óskaði eftir upplýsingum um þetta eftir að haft var eftir Tómasi Má Sigurðssyni, forstjóri Alcoa á Íslandi, í Morgunblaðinu að beinar skattgreiðslur fyrirtækisins í fyrra hefðu numið um fjórum milljörðum króna, að ónefndum hafnargjöldum og raforkureikningum.

„Ég veit ekki hvað Tómas Már á við,“ segir Indriði. „En við báðum bara um upplýsingar frá Ríkisskattstjóra, um hver álagningin á álfyrirtækin hefði verið í ár og í fyrra, því að þessi stóra tala kom okkur dálítið spáskt fyrir sjónir miðað það sem við töldum okkur vita.“

Í ljós hafi komið að í fyrra hafi öll álfyrirtæki á Íslandi greitt samtals 1.335 milljónir í tekjuskatt og 566 milljónir í tryggingagjald, samtals 1.901 milljón. Fyrirtækin eru átta ef bæði eru talin rekstraraðilarnir og eignarhaldsfélögin sem þá eiga. Ekki fæst gefið upp hversu mikið einstök fyrirtæki greiddu í skatt.

Tómas Már segir að hægt hafi verið að misskilja það þegar hann hafi talað um beinar skattgreiðslur í viðtalinu í Morgunblaðinu, þar sem hann brást við ræðu félagsmálaráðherra á ársfundi ASÍ.



ÁLVER ALCOA Í REYÐARFIRÐI Tómas Már segir að það standi óhaggað að beinar tekjur opinberra aðila af starfsemi álversins hafi verið tæpir fjórir milljarðar í fyrra.



INDRIÐI H. ÞORLÁKSSON **TÓMAS MÁR SIGURÐSSON**

„Ég var að tala um beinar tekjur opinberra aðila af starfsemi Alcoa Fjarðaáls, í gegnum hinar ýmsu leiðir sem skatturinn berst opinberum aðilum,“ segir Tómas.

Þar eigi hann meðal annars við skattgreiðslur af launum starfsmanna, gjöld sveitarfélaga og fleira.

Að teknu tilliti til þess standi upphæðin, tæpir fjórir milljarðar, óhöggðu. Inni í þeirri tölu séu hafnargjöld. Þá eigi hins vegar eftir að taka saman afleiddar skatttekjur af þjónustunni sem þeir kaupa annars staðar, en Alcoa Fjarðaál keypti þjónustu fyrir um tíu milljarða í fyrra. Raforkukaup séu einnig undanskilin. „Þannig að þetta er í raun miklu meira þegar allt er talið,“ segir Tómas.

Smíðuðust af starfsfólki:

Svínin eru með svínaflensuna

HEILBRIGÐISMÁL Staðfest var í gær að nokkur svín á svínabúinu að Minni-Vatnsleysu væru sýkt af svínaflensu. Ekki verður gripið til sérstakra ráðstafana vegna þessa, að öðru leyti en því að reynt verður að einangra pestina við þetta tiltekna svínabú. Ljóst þykir að svínin hafi sýkst vegna umgengni við veikt starfsfólk. Engar líkur eru á að veikjast við það að neyta svínakjöts.

Átta liggja nú á gjörgæslu vegna svínaflensunnar. Alls eru tæplega fjórutíu á spítala vegna flensunnar, sem er þó í rénum að mati Haraldar Briem sóttvarnalæknis.

Meint svik á Grundarfirði:
Bruni tengdur mansalsmálinu

LÖGREGLUMÁL Talið er mögulegt að stórbruni í gamla fiskmarkaðnum á Grundarfirði í lok ágúst tengist umfangsmiklu mansalsmáli sem lögreglan á Suðurnesjum rannsakar nú. Þetta kom fram í fréttum RÚV í gær.

Einn mannanna sem nú situr í gæsluvarðhaldi vegna mansalsmálsins keypti helming fiskmarkaðarins í ágúst og er nú grunaður um að hafa kveikt í til að svíkja út tryggingar.

Rannsókn á mansalsmálinu kom upp þegar nítján ára litháísk stúlka kom hingað til lands fyrir rúmum tveimur vikum. Það hefur síðan undir mjög upp á sig og snýst nú um skipulagðra glæpa-starfsemi á mörgum sviðum. Sjó eru nú í varðhaldi vegna þess.

Skrópaði annan daginn í röð:

Hafist handa án Karadzic

HAAG Réttarhöld yfir Radovan Karadzic, fyrrverandi leiðtoga Bosníuserba, hófust í gær þrátt fyrir fjarveru sakborningsins. Karadzic lét ekki sjá sig í réttarsalnum annan daginn í röð. Hann hyggst verja sig sjálfur og segist þurfa marga mánuði til viðbótar til að undirbúa sig.

Dómari sagði að Karadzic hefði ákveðið að nýta sér rétt sinn til að vera fjarstaddur og þyrfti að taka afleiðingunum af því. Í kjölfarið fluttu sækjendur opunarávörp sín. Karadzic á lífstíðardóm yfir höfði sér verði hann fundinn sekur um þjóðarmorð, stríðs-glæpi og glæpi gegn mannkyninu í Bosníustríðinu 1992 til 1995.



RADOVAN KARADZIC

29. október



Vaknaðu með TM Software

Morgunverðarfundur á morgun

Einfaldaðu utanumhald með verk- og þjónustukerfi Atlasian JIRA og TEMPO tímaskráningu.

Farið verður yfir JIRA 4 ásamt Tempo tímaskráningarkerfi og sýnt hvernig hægt sé að straumlinulaga vinnuferlið allt frá beiðnum yfir í reikninga.

Saman eru JIRA og TEMPO öflugt og sveigjanlegt verkstjórnunar- og þjónustukerfi sem gerir starfsmönnum og viðskiptavinum kleift að skrá, forgangsraða og úthluta beiðnum, fylgjast með ferli þeirra, skrá niðurstöður og vinnutíma.

Tilvalinn viðburður fyrir fyrirtæki sem þurfa öflugt, sveigjanlegt og ódýrt verkþókhaldskerfi.



Tempo

Tímasetning: 8:30 - 9:45

Staðsetning: Urðarhvarfi 6, Kópavogi

Morgunverður og þekking í boði TM Software

Skráning og nánari upplýsingar: www.tmssoftware.is



TM Software

Smíði stálþils milli grunna og djúpa hluta Vesturbæjarlaugarinnar lokið:

Hlýrri barnalaug í Vesturbæ

SKIPULAGSMÁL „Það er aldrei að vita nema maður skelli sér bara út í og vígi þetta,“ segir Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi og formaður Íþrótt- og tómsundaráðs. Smíði stálþils milli grunna og djúpa hluta Vesturbæjarlaugarinnar, sem ætlað er að hækka hitastigið í grunna hlutanum sem gjarnan er nefndur barnalaugin, lauk í gær. Þá hefur hitunarbúnaður grunnu laugarinnar verið endurnýjaður.

Íþrótt- og tómsundaráð samþykkti tillögu þessa efnis í september á síðasta ári. Þá höfðu um hrið borist kvartanir frá viðskiptavinum laugarinnar vegna kulda í barnalauginni. „Svona mál verður auðvitað að fara í gegnum allt kerfið, en það er mjög ánægjulegt að þessu sé lokið,“ segir Kjartan.

Aðspurður segir Kjartan kostnaðinn við framkvæmdirnar vera fjórar til fimm milljónir króna.



STÁLÞIL Kjartan Magnússon borgarfulltrúi taldi ekki loku fyrir það skotið að hann myndi vippa sér ofan í hlýja barnalaug þegar vatnið væri komið ofan í. Starfsmenn laugarinnar munu prófa sig áfram með hitastigið næstu daga.

Kjartan segir framtíðarskipulagstillögur fyrir laugina enn gera ráð fyrir byggingu sundlaugarhúss

með innisundlaug og líkamsræktarstöð. Ráðið muni funda um framgang þess máls í nóvember.

DORMA SÆNGURNAR

komnar aftur !

Nú kostar minna
að hvíla sig

Fyrsta sending
kláraðist á
nokkrum
dögum!

6 dagar eftir af opnunar-
tilboðunum !

Rúmföt

aðeins
2.900 kr.

Dúnsæng 140x200
Aðeins kr. 14.900,-
Tvíbreið kr. 17.900,-

Frábær tilboð!

Velkomin í nýja og glæsilega
verslun í Holtagörðum

Dúnkoddi 50x70
Aðeins kr. 3.900,-



DORMA

– býður góða nótt

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

OPIÐ

Virka daga frá kl. 10-18:30

Lau frá kl. 10-17

Sun frá kl. 13-17

GENGIÐ 27.10.2009			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	123,66	124,26
	Sterlingspund	203,13	204,11
	Evra	184,06	185,08
	Dönsk króna	24,725	24,869
	Norsk króna	21,905	22,035
	Sænsk króna	17,924	18,03
	Japanskt jen	1,3448	1,3526
SDR		196,63	197,81
GENGISVÍSITALA KRÓUNNAR		236,6648	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			



SÍLDVEIÐI Í VESTMANNAEYJAHÖFN Kap VE veiddi síld sem safnaðist í höfnina í vetur. Mikið af henni var sýkt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Síldarleit stendur yfir:

Síldin er ennþá sýkt að hluta

HAFRANNSÓKNIR Fyrstu niðurstöður benda til þess að íslenska sumargotssíldin sé ennþá sýkt. Þetta staðfesta sérfræðingar Haf-rannsóknastofnunar.

Nýlega hófst síldarleit á vegum Hafró í samstarfi við útgerðir. Útbreiðsla síldarinnar verður skráð og sýni hafa verið tekin til þess að meta sýkingu í stofninum en þau eru rannsókuð af starfs-mönnum Hafró. Leitarsvæðið nær allt frá Langanesi, suður og vest-ur um og norður fyrir Vestfirði.

Stefnt er að því að meta stofn-stærð síldarinnar og ástand stofnsins, en talið er að allt að þriðjungur hans hafi drepist af völdum sýkingar.

- sh

Ungur maður játar brot:

Hrækti í andlit lögreglumanns

DÓMSMÁL Karlmaður á þritugsaldri játaði í gær að hafa sparkað í sköflunginn á ungum lögreglu-manni og hrækt í andlitnið á öðrum.

Ákæra vegna þessa var þingfest á hendur manninum í Héraðsdómi Norðurlands eystra í gær. Hann játaði sök á staðnum og var málið dómtekið í kjölfarið.

Brotin framdi maðurinn í ágúst síðastliðnum í lögregluþil við Bæjarfjall ofan við Upsakirkju-garð á Dalvík.

- sh

Ný könnun World Economics Forum sem mælir hlut kvenna í þjóðfélaginu:

Jafnrétti kynjanna mest á Íslandi

JAFNRÉTTISMÁL Ísland er það land sem hefur náð hvað mestum fram-förum í að jafna hlut kynjanna, og slær þar með Noreg af toppnum, samkvæmt nýrri könnun Alþjóða-efnahagsráðsins, World Economic Forum

Könnunin nær til 134 landa og mælir jafnrétti kynjanna þegar kemur að menntun, stjórnmálum, viðskiptalífi, heilsu og lífslíkum.

Ástæðan fyrir því að

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR Forsætisráðherra er meðal þeirra sem hífa Ísland upp á topp tíu þegar jafnrétti kynjanna er mælt.



Ísland tyllir sér nú á topp könnunarinnar er sú að konur hafa brotið sér leið inn í hátt settar stöður í þjóðfélaginu. Ísland, Noregur, Finnland og Svíþjóð eru þau lönd sem hafa jafnað bilið á milli kynjanna hvað mest. Í Bretlandi, Bandaríkjunum og Þýskalandi hefur hlutfall kynjanna farið aftur. Bretland féll um tvö sæti, niður í það fimmtánda, og Bandaríkin um þrjú sæti niður í það 31, þar sem konur taka nú minni þátt í viðskiptalífinu en áður. Þýskaland féll um eitt sæti, niður í það tólfta, þar sem þátttaka kvenna í stjórnmálum hefur farið þverrandi. Ítalía er lægst

TOPP FIMM LISTI YFIR JAFNRÉTTI

1. Ísland
2. Finnland
3. Noregur
4. Svíþjóð
5. Nýja-Sjáland

Evrópuþjóða þegar kemur að jafnrétti kynjanna, situr í 72. sæti.

Samkvæmt könnuninni urðu að meðaltali mestu framfarirnar á milli ára í heilbrigðis- og menntamálum í löndunum 134. Hins vegar varð mikið bakslag í atvinnu- og launaþróun eða um sextíu prósent á milli ára.

- kh

Sauðfjárbændur mótmæla:

Ríkið borgar ekki kynningar

LANDBÚNAÐUR Landssamband sauðfjárbænda hafnar orðum Harðar Harðarsonar, formanns Svínaræktarfélags Íslands, um að ríkið greiði fyrir auglýsingar og kynningu á íslensku lambakjöti.

Hörður sagði í frétt blaðsins í gær að samkeppnisskilyrði svinabænda væru skert þar sem þeir hefðu ekki sömu tækifæri til kynningarstarfs og sauðfjárbændur vegna ríkisstyrktra auglýsinga á lambakjöti.

Þessu hafna sauðfjárbændur og vilja koma á framfæri að það sé Markaðsráð kindakjöts sem standi fyrir markaðsstarfi sauðfjárræktarinnar.

- sh

Niðurskurðarhniífnum ekki beitt af nægjanlegri hörku

Ríkisendurskoðun vandar stjórnvöldum ekki kveðjurnar í skýrslu um framkvæmd fjárlaga. Ekki var farið að tilmælum um að bæta rekstur stofnana í vanda. Aðhald og eftirlit með rekstri Landspítalans er veikt.

HARÐORÐAR UMSAGNIR UM STÖÐU EINSTAKRA STOFNANA

Úr umsögnum í skýrslu Ríkisendurskoðunar um valdar ríkisstofnanir:

Landbúnaðarháskólinn

Ekki hefur verið brugðist við vanda skólans með fullnægjandi hætti og er staðan óviðunandi. Rektor var nýlega endurskipaður og verður því að telja að menntamálaráðuneytið líti svo á að framúrkeysla undanfarinna ára sé ekki á hans ábyrgð. Að mati Ríkisendurskoðunar er nauðsynlegt að minnka þjónustu verulega eða hækka fjárheimildir varanlega.

Hólaskóli

Rektor hefur aftur tekið við rekstrinum eftir að tilsjónarmaður greindi vandann, vatt ofan af skuldum og vann rekstraráætlun. Að mati Ríkisendurskoðunar er nú hafin loka-tilraun rektors til að reka skólann innan fjárveitinga.

Menntaskólinn á Ísafirði

Ríkisendurskoðun telur tímabært að tilsjónarmaður verði skipaður með rekstri skólans.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Reiknað er með að skólinn verði reikinn með halla á árinu og að uppsafnaður halli aukist. Þetta er óviðunandi staða að mati Ríkisendurskoðunar.

Listasafn Íslands

Vegna minnkandi styrkja frá einkaaðilum hafa tekjur safnsins dregist verulega saman miðað við árið 2008. Unnið hefur verið að því að draga úr kostnaði til að mæta minnkandi tekjum.



LANDSPÍTALINN Ríkisendurskoðun telur heilbrigðisráðuneytið draga lappirnar í ákvörðunum um Landspítalann. Eftirlit þess með rekstrinum er sagt veikt.

Landspítali

Útlit er fyrir að uppsafnaður halli verði 2,8 milljarðar í árslok. Af hallarekstri ársins er tæplega helmingur vegna hærri launakostnaðar en gert var ráð fyrir. Í frumvarpi til fjárlaga 2010 birtist skýr krafa um niðurskurð. Það er mat Ríkisendurskoðunar að aðhald og eftirlit heilbrigðisráðuneytisins með rekstri spítalans sé veikt, ólíkt því sem á við um langflestar aðrar heilbrigðisstofnanir. Ráðuneytið hefur hvorki gefið skýr fyrirmæli um hvernig á að skerða þjónustu né tryggt spítalanum auknar fjárveitingar.

Útlendingastofnun

Í árslok 2008 nam uppsafnaður halli stofnunarinnar átján milljónum króna og hefur aukist töluvert það sem af er þessu ári. Hallinn skýrist af hærri útgjöldum vegna dvalarkostnaðar hælisleitenda en gert var ráð fyrir í fjárlögum en hælisleitendum hefur ekki fækkað eins og áætlanir stóðu til. Dómsmálaráðuneytið hefur óskað eftir 32 milljóna króna aukafjárveitingu vegna vandans en óvíst er hvort hún fæst. Ef hún fæst ekki er ljóst að draga þarf verulega úr rekstrar- og launakostnaði stofnunarinnar.

Stefnumót 2030

Gæði byggðar

Morgunfundur um endurskoðun aðalskipulags í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, 29. október kl. 08.30 - 10.00

Ávarp.
Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður skipulagsráðs

Endurskoðun aðalskipulags.
Haraldur Sigurðsson, verkefnisstjóri

Gæði byggðar.
Ólöf Örvarsdóttir, skipulagsstjóri

Manngert umhverfi - drög að gæðastefnu.
Halldóra Víflsdóttir, arkitekt

Hæðir húsa. Mótun stefnu.
Ágústa Sveinbjörnsdóttir, arkitekt

Umræður








Elísabet Margeirsdóttir
Veður-fréttamaður

MILT OG BLAUTT
Veður fer heldur hlýnandi í dag, einkum norðanlands, og á morgun verður hitinn víðast á bilinu 6-13 stig. Það er þó útlit fyrir þungbúnu og vætusömu veðri næstu daga, en vindur verður yfirleitt nokkuð skaplegur.

Á MORGUN
8-13 m/s S- og V-til, annars hægari.

FÖSTUDAGUR
Viða 5-10 m/s.



HEIMURINN

Alicante	24°
Basel	18°
Berlín	11°
Billund	8°
Eindhoven	14°
Frankfurt	15°
Friedrichshafen	18°
Gautaborg	9°
Kaupmannahöfn	9°
Las Palmas	24°
London	18°
Mallorca	20°
New York	16°
Orlando	32°
Ósló	7°
París	18°
San Francisco	17°
Stokkhólmur	6°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

TILBOÐ Á INNRETTINGUM..!

--- 20% AFSLÁTTUR

... þú færð það aðeins *betra* hjá



20%
afsláttur

af öllum
HTH
innréttingum!

RAUÐA
LÍNAN



Nýttu tækifærið núna og kaupu HTH innréttingu frá Ormsson með 20% afslætti.

Eldhús-, bað- og þvottahúsinnréttingar auk fataskápa.

Innréttingar frá HTH eru lifandi dæmi um það allra besta í danskri hönnun – í senn sígild og nútímaleg, stílhrein og glæsileg. Við munum aðstoða þig við að hanna eldhús og aðrar innréttingar sem eru í senn hagnýtar og aðlaðandi.

Í tilefni af 10 ára afmæli HTH hjá ORMSSON bjóðum við nú 20% afslátt af þessum glæsilegu innréttingum.

AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNÍ

HTH eldhús sómir sér vel með hágæða heimilistækjum frá AEG þér býðst allt að 30% afsláttur á AEG heimilistækjum þegar þú kaupir HTH eldhús innréttingu

ORMSSON

GERÐU KRÖFUR – VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

SETTU ÞAÐ SAMAN



Af hverju að borga meira?



ELDHÚSINNRETTINGAR



BAÐINNRETTINGAR

GULA
LÍNAN



FATASKÁPAR

20%
afsláttur

af öllum
HTH
innréttingum!



ÞVOTTAHÚSINNRETTINGAR

TILBÚNAR INNRETTINGAR – TIL AFGREIÐSLU BEINT AF LAGER

Gæði innréttinga í gulu línunni **SETTU ÞAÐ SAMAN** eru á engan hátt lakari en þeirra í rauðu línunni. **SETTU ÞAÐ SAMAN** eru mun ódýrari innréttingar og fellst verðmunurinn einkum í því, að þær eru seldar ósamsettar beint af lager og krefjast því bara hóflegrar handlægni og dálítills dugnaðar. Báðar styðjast línurnar við hið danska **HTH** hugvit, smekkvísi og gæði, en úrvalið í rauðu línunni er yfirgripsmeira og þar er einnig hærra þjónustustig.

Gullið tækifæri að endurnýja! – 20% afsláttur.

ORMSSON

S Ö L U S T A Ð I R :

- SMÁRALIND · SÍMI 530 2907 & 530 2908
- MODEL-AKRANESI · SÍMI 431 3333
- RADIONAUST-AKUREYRI · SÍMI 461 5003
- ÁRVIRKINN-SELFOSSI · SÍMI 480 1160
- LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

KJÖRKASSINN



Á ríkið að kaupa af bönkunum listaverk sem talin eru mikilvæg fyrir íslenska listasögu?

Já 39%
Nei 61%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hefur svínaflensan áhrif á neyslu þína á svínakjöti?

Segðu skoðun þína á visir.is.

visir



FRAMTÍÐARSÝN Borgaryfirvöld telja raunhæft að Reykjavík leiði rafbílavæðingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUGUNN

Samgöngur í borginni:

Reykjavík leiði rafbílavæðingu

SAMGÖNGUMÁL Umhverfis- og samgönguráð Reykjavíkur hefur stofnað starfshóp sem finna á leiðir til að gera Reykjavík forystuborg í rafbílavæðingu. Forsvarsmenn borgarinnar telja kjöraðstæður fyrir hendi til að gera borgarbúum fært að reka rafbíla á hagkvæman hátt.

Starfshópurinn mun gera áætlun um rafbílavæðingu og kanna aðstæður til að innleiða hleðslukerfi í borginni. Kosturinn við raforkuna er að hún er innlend, endurnýjanleg, ódýr og einnig mun draga verulega úr loftmengun og losun gróðurhúsalofttegunda, eins og segir í tilkynningu frá borginni.

Hópurinn á að skila skýrslu ásamt tillögum í mars næstkomandi.

- shá

ÖRYGGISMÁL

Sótti vélarvana bát

Eitt af björgunarskipum Landsbjargar, Húnabjörgin frá Skagaströnd, var kallað út á níunda tímanum í gærmorgun vegna vélarvana báts. Húnabjörgin kom að bátinum á ellefta tímanum og tók hann í tog. Skipin komu til hafnar á Skagaströnd síðdegis. Báturinn var á línuveiðum á Kollkugrunni um 35 mílur úti af Skagaströnd.

Baráttan gegn netsvindli nær nýjum hæðum í Nígeríu með aðgerð Arnarkló:

Stjórnvöld skera upp herör gegn Nígeríubréfum

NÍGERÍA Yfirvöld í Nígeríu hafa skorið upp herör í baráttunni gegn netsvindli – svokölluðum Nígeríubréfum – sem streymt hafa frá landinu síðustu ár.

Lögregluyfirvöld í Nígeríu segjast þegar hafa lokað þúsund vefsíðum sem geyma slíka bréf og handtekið átján manns.

Aðgerðin, sem gengur undir nafninu Aðgerð Arnarkló, er nýhafin og búist er við að hún verði komin á fullt á næsta ári. Líklegt þykir að mun fleiri verði handteknir.

Fullvíst er talið er að þeir sem standa að baki bréfunum hafi haft margar milljónir dollara upp úr krafsinu.

Aðgerðin er að sögn Farida Waziri, formanni nefndar gegn viðskipta- og efnahagsglæpum, ekki einungis hugsuð til að koma í veg fyrir netglæpi heldur einnig til að reyna

að endurvekja orðspor Nígeríu sem hafi orðið illa úti vegna Nígeríubréfanna.

„Aðgerðin mun koma Nígeríu af lista yfir þau lönd þar sem mest netsvindl er stundað,“ sagði Waziri.

Hún segir yfirvöld í Nígeríu starfa með tölvurisanum Microsoft til að uppræta bréfin og býst við að hægt verði að stöðva allt að fimm þúsund ný svindlbréf í hverjum mánuði. Þá býst hún við að senda yfir 230 þúsundir tölvupósta í hverjum mánuði þar sem varað verður við Nígeríubréfunum.

- kh

NÍGERÍUBRÉF Svindlbréf frá Nígeríu hafa oft ratað hingað til lands. Yfirleitt er fólki lofað gull og grænir skógar í staðinn fyrir smá viðvik sem reynist hins vegar vera svik.



Mikil óvissa er um orkuna á Reykjanesi

Orkumálastjóri er ekki hrifinn af því að rætt sé um að knýja Helguvík einungis með orku af Reykjanesi. Því hægar og víðar sem farið sé í jarðhitánýtingu, þeim mun betra. Ágeng orkunýting þurfi ekki endilega að vera ósjálfbær.

ORKUMÁL Mikil óvissa ríkir um hve mikla orku úr jarðhita er að finna á Reykjanesinu og það er óheppilegt þegar rætt er um að öll orka fyrir álverið í Helguvík þurfi að koma af Reykjanesinu sjálfu, segir Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri. Slík nálgun leiði ekki af sér sjálfbæra nýtingu jarðhitakerfisins.

„Við viljum ekki endilega taka eitt eða tvö jarðhitasvæði og fullnýta þau fyrir eitthvert eitt iðnfyrirtæki. Við viljum hafa fleiri svæði á landinu undir, þar sem er verið að virkja og þróa sig áfram hverju sinni. Við viljum byrja á því að virkja fleiri jarðhitakerfi og gera það hægar.



GUÐNI ALBERT JÓHANNESSON

Eftir því sem við virkjum þau hægar þeim mun betra. Við virkjum minni áfanga í einu og lærum á svæðið áður en við bætum við,“ segir hann.

Annað myndi gilda ef um vatnsaflsvirkjanir væri að ræða, þar sem orkuöflun úr þeim megi reikna auðveldlega út.

„En það er í raun ekkert vitað [um orkumagnið] fyrr en byrjað er að virkja. Ef við skoðum virkjunarsögu Hengilsins sýnir hún að sum verkefni hafa gefið minna af sér en spár gerðu ráð fyrir, en önnur meira,“ segir Guðni. „Það eina sem við höfum á að byggja er reynsla okkar þaðan sem nú þegar er búið að virkja.“



VIKJAD Á REYKJANESI Orkumálastjóri telur óheppilegt að ræða um að öll orka fyrir álver í Helguvík komi frá Reykjanesinu, enda séu miklir óvissuþættir tengdir jarðhitunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HVAÐ ER SJÁLFBÆRNI?

Spurður hvort sjálfbærni sé höfð í hávegum í núverandi orkunýtingu á Reykjanesi eða hvort þar sé stunduð svokölluð ágeng nýting, segir orkumálastjóri:

„Ágeng jarðvarmavinnsla er hugtak sem var fundið upp nýlega og þýðir að jarðhitakerfi eru nýtt þannig að þau til dæmis kólna með tímanum en eru svo hvíld og notuð aftur. Þetta er önnur aðferð en að nýta jarðvarma-kerfi þannig að þau kólni ekki og geti skilað sama afli yfir langan tíma.

Það er hins vegar ekki gefið að ágeng vinnsla sé ekki sjálfbær ef hún er gerð með hléum. Þetta er í raun bara öðruvísi vinnsluáðferð.“

Hann tekur dæmi af Strokki:

„Þegar hann er látinn gjósa í einhvern tíma er það ágeng vinnsla þangað til hann endurfyllist átta mínútum síðar.“

Fylgst sé með nýtingunni á hverjum stað og þess gætt að ekki komi til þess að orkuvinnslan detti niður vegna ofnýtingar.

Reynslan af jarðhitavirkjunum síðustu tíu ára eða svo gefi þó til-efni til bjartsýni. Hún hafi gengið mjög vel.

„Við höfum fengið meira úr jarðhitavirkjunum frekar en

hitt, þótt það hafi verið breytilegt í einstökum virkjanaáföngum. Við getum sagt að þegar við förum að virkja svæðin sjáum við meiri möguleika í þeim en áður,“ segir hann.

klemens@frettabladid.is

Þing Norðurlandaráðs:

Helgi Hjörvar næsti forseti

STJÓRNMÁL Þing Norðurlandaráðs stendur nú yfir í Stokkhólmi.

Þingið sitja alþingismennirnir Helgi Hjörvar, Sigriður Ingibjörg Ingadóttir, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Ásmundur Einar Daðason, Siv Friðleifs-dóttir, Bjarni Benediktsson og Illugi Gunnarsson auk nokkurra ráðherra.

Ísland fer með formennsku í Norðurlandaráði á næsta ári og verður næsti forseti þess íslenskur. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins verður það að öllum líkindum Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar. Hann er nú formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráðsþing verður haldið í Reykjavík að ári.

- bps



HELGI HJÖRVAR

Úrskurðaður í gæsluvarðhald:

Faldi fíkniefni á flugvélsalerni

LÖGREGLUMÁL Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð yfir manni sem grunaður er um að hafa flutt hingað til lands riflega 760 grömm af amfetamíni 23. október síðastliðinn. Maðurinn mun sitja í varðhaldi til 2. nóvember hið minnsta.

Maðurinn var handtekinn við komuna til landsins frá Kaupmannahöfn og við skoðun á honum komu fram vísbendingar um að hann hefði haft eitthvað límt við líkama sinn, sem hann hefði losað sig við áður en hann fór í gegnum tollhlöð. Fíkniefnin fundust svo á salerni flugvélarinnar.

- sh

Síðustu forvöð að skrá sig!

Er opið alltaf rétt?

Ráðstefna föstudaginn 30. október 2009

- > Stærsta ráðstefnan sem haldin hefur verið hérlendis um heitasta málefni upplýsingatækninnar um þessar mundir!
- > Felur opin hugbúnaður í sér einhverja þá lausn sem fyrirtæki geta nýtt sér?
- > Hvað ber að varast í opnum hugbúnaði og hvenær er séreignarhugbúnaður rétta leiðin án spurningar.

Dagskrá og skráning á <http://www.ft.is>

Ráðstefnan er opin öllum og er haldin í Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni 6.

Ráðstefnugjald er 9.500 kr.

Fyrir félagsmenn FT og nema er ráðstefnugjaldið 3.500 kr.



Open source
Minni framleiðni
Aukinn kostnaður
Tæknilausnir
Nýsköpun
Verð og virði
Tækifæri
Trúarbrögð
Hugbúnaður
Kerfisrekstur
Veruleikinn

SIGGI STORMUR Í BLÍÐU OG STRÍÐU VEÐRI



VEÐURBÓK STORMSINS

Fáir geta miðlað upplýsingum um veðurfræði á eins aðgengilegan og lifandi hátt og **Siggi stormur**. Hér fjallar hann ásamt **Hólmfríði Þórisdóttur** á áhugaverðan hátt um það hvernig menn geta lesið í veðrið upp á eigin spýtur.

- Upplýsingar um hvernig gera á að sínar eigin veðurathuganir.
- Veðurdagbók þar sem hægt er að skrá sínar eigin athuganir dag fyrir dag.
- Ítarlegur annáll veður- og náttúruhamfara alla daga ársins.
- Margvíslegur þjóðlegur fróðleikur og tilvitnanir í bókmenntir sem tengjast veðri.
- Grundvallarhugtök í veðurfræði útskýrð.

Íslandsveður er í senn nýtsamleg veðurdagbók og fróðleiksnáma um veðrið sem á erindi inn á hvert heimili.

Útgáfufagnaður
í Bókabúð Máls og
Menningar,
Laugavegi 18,
í dag kl. 17.
Allir velkomnir!

★
Tilboðsverð
í dag aðeins
2.990,-
í Bókabúð Máls og
Menningar.

VERÖLD



Bræðraborgarstíg 9

Sjóðfélagafundur

Almenni lífeyrissjóðurinn boðar til sjóðfélagafundar fimmtudaginn 29. október á Hilton Reykjavík Nordica og hefst kl. 17:15.



DAGSKRÁ

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla stjórnar um rekstur og afkomu Almenna lífeyrissjóðsins.
3. Tillaga og ákvörðun um sameiningu Almenna lífeyrissjóðsins og Eftirlaunasjóðs starfsmanna Glitnis banka hf.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum. Lagt er til að sameina deildir samtryggingarsjóðs.
5. Önnur mál.

Nánari upplýsingar og tillögur um breytingar á samþykktum eru á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.
Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.



Auglýsingasími

512 50 50

Mest lesið

Brasilísk listakona vinnur íslistaverk í heimsókn sinni á Skagaströnd:

Ísland leysist upp og hverfur

MENNING „Var þarna verið að lýsa stöðu þjóðarinnar um þessar mundir? Ísland bundið í klafa skulda og efnahagurinn harðfrosinn,“ segir Sigurður Sigurðarson, vefstjóri heimasíðu Skagastrandar, um listaverk brasilísku listakonunnar Renötu Padovan.

Renata vinnur að list sinni í listamiðstöðinni Nesi á Skagaströnd. „Hún fékk starfsmenn tveggja fyrirtækja, Vélaverkstæðis Skagastrandar og Rafmagnsverkstæðisins Neistans til að útbúa mót með útlínum Íslands. Hún frysti vatnið og síðla dags í gær var hvítur klakinn, íslandið flutt niður í Vík og sjósett. Fjöldi manns var vitni



ÍSLAND Tilbúið til sjósetningar og varð skömmu síðar hafinu að bráð.

MYND/SIGURÐUR SIGURÐARSON

að því er báran bláa, sem þó var frekar grá, tók á móti ísnum, slípaði hann til, lagfærði hann, gerði straumlínulagaðra, ef svo má að



orði komast. Og svo hvarf hann, varð ósýnileg viðbót fyrir Atlants-hafið,“ lýsir Sigurður á skagastrond.is.

- gar

SJÁVARÚTVEGSMÁL

Ráðherra boðar breytingar

Sjávarútvegsherra sagði á aðalfundi smábátaeigenda að fljótlega mundi hann leggja fram frumvarp um stjórn fiskveiða. Tíu atriði væru til skoðunar. Meðal þeirra eru línuvöðun, flutningur aflaheimilda milli ára og milli skipa.

UMHVERFISMÁL

Göngubrýr fegurstar

Vegagerðin hefur veitt viðurkenningu fyrir gerð og frágang mannvirkja. Fegurst mannvirkja byggð á árunum 2005-2007 þóttu göngubrýrnar yfir Hringbraut og Njarðargötu.

DANMÖRK

Vænta skattlagningar

Um sjötiú prósent Dana búast við því að þurfa að borga meiri skatt á næstu árum, til að auka tekjur ríkisins í kreppunni. Blaðið Børsen birtir þessa könnun. Á næsta ári verður fjárlagahalli danskra stjórnvalda um 100 milljarðar danskra króna.



KJARNORKUVER Fulltrúar frá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni hófu að rannsaka kjarnorkuverið Fordo í Íran á sunnudaginn var. Mikil leynd hefur hvílt yfir kjarnorkuverinu en það er falið inni í fjalli. Íranar hafa alla tíð haldið því fram að kjarnorkuframleiðsla þeirra sé einungis í friðsamlegum tilgangi.

NORDICPHOTOS/AFP

Ræða við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina:

Íranar vilja breytingar á samningnum

ÍRAN Íranar eru reiðubúnir að ganga til samninga við Sameinuðu þjóðirnar um kjarnorkueftirlit, en þó aðeins ef veigamiklar breytingar verða gerðar á þeim samningi sem nú liggur fyrir. Þetta hefur íraska fréttastofa Al Alam-sjónvarpsins eftir heimildarmönnum sínum og segir að stjórnvöld í Íran muni gefa Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni svar innan tveggja sólarhringa.

Samkvæmt samningsdrögunum munu Íranar senda auðgað úran til Rússlands og Frakklands þar sem efninu verður breytt í kjarnorkueldsneyti. Íranar áttu að svara á föstudaginn var.

Manoucheher Mottaki, utanríkisráðherra Írans, sagði á mánudag að stjórnvöld þar í landi væru að

íhuga að verða sér úti um auðgað úran í öðrum löndum.

Vesturveldin telja sig vera að koma til móts við Írana með því að gefa þeim möguleika á að fá það kjarnorkueldsneyti sem þeir þurfa en um leið verði tryggt að Íranar noti ekki auðgað úran í kjarnavopn.

Bernand Kouchner, utanríkisráðgjafi Frakklands, sagði að Írönum hefði verið sýnd mikil þolinmæði og sakaði írönsk stjórnvöld um tímaeyðslu.

Samkvæmt heimildum bresku fréttastofunnar BBC gætir vaxandi andstöðu við samninginn hjá Írönum og er óttast að ef samningurinn verði ekki samþykktur muni það setja frekari samningaviðræður í uppnám.

- kh

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Landsbankinn mun í vetur bjóða upp á röð fjármálanámskeiða fyrir almenning undir yfirskriftinni **Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**. Markmið námskeiðanna er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin svo því sé unnt að taka upplýstar ákvarðanir um fjármál heimilisins og móta fjárhagslega framtíð fjölskyldunnar.

Dagskrá fjármálakvölda í október og nóvember

29. október	Mjódd	Fjármál heimilisins
5. nóvember	Ísafjörður	Fjármál heimilisins
12. nóvember	Akranes	Fjármál heimilisins
19. nóvember	Hamraborg	Fjármál heimilisins

Skráning fer fram á landsbankinn.is og í síma 410 4000.

Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á landsbankinn.is.



FJÁRMÁLARÁÐGJÖF | landsbankinn.is | 410 4000



Tæpur milljarður króna greiddur út úr Jöfnunarsjóði:

Reykjanesbær fær 150 milljónir króna

STJÓRNMÁL Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga nema í ár rúmlega 1,2 milljörðum króna og voru þrír fjórðu hlutar þeirra, 931 milljón, greiddir út í gær. Afgangurinn verður greiddur út fyrir áramót.

Kristján Möller, ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála, ákvað úthlutunina á grundvelli tillögu ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Af 78 sveitarfélögum fá 42 framlög. Sjö fá meira en 50 milljónir, tíu fá á milli 20 og 50 milljónir og 25 sveitarfélög fá innan við 20 milljónir.

Það sveitarfélag sem minnst fær er Arnarneshreppur í Eyjafirði sem fær rúmar sjötiú þúsund krónur.

Jöfnunarsjóður veitir sveitarfélögum framlög til jöfnunar á

TEKJUJÖFNUNARFRAMLÖG

Þessi fá yfir 50 milljónir í framlög

Sveitarf.	Áætl. framl. Greitt nú
Reykjanesbær	205 153
Akureyri	161 120
Garður	73 55
Rangárþing eystra	72 54
Dalvíkurbyggð	66 50
Eyjafjarðarsveit	62 46
Húnaþing vestra	53 40
Tölur eru í milljónum króna	
Heimild: Samg. og sveitarstj.ráðun.	

mismunandi tekjumöguleikum og útgjaldabörf eftir þar til gerðum reglum.

Ekkert sveitarfélaganna átta á höfuðborgarsvæðinu fær framlög úr Jöfnunarsjóði. Tólf af fimmtán sveitarfélögum á Norðausturlandi fá framlög.

- bps

BESTA
VERÐIÐ

TILBOÐ



HREINLÆTISTÆKI



VERÐ FRÁ:
19.900,-

WC með stút í gólf eða vegg með mjúklökandi setu

MJÚKLOKANDI
SETA



VERÐ FRÁ:
35.900,-

WC hengt utan á vegg



VERÐ FRÁ:
49.900,-

WC innbyggt með öllu, hvítum sturtuhnappi og með mjúklökandi setu



VERÐ FRÁ:
6.900,-

Handlaugar á vegg



VERÐ FRÁ:
10.900,-

Handlaugar í borð



VERÐ FRÁ:
24.900,-

HERT
ÖRYGGISGLER

VM 121 Sturtuhorn, heil opnun 80x80 og 90x90



VERÐ FRÁ:
7.900,-

Sturtustangarsett



Blöndunartæki fyrir handlaug með lyftitappa



Blöndunartæki fyrir eldhús



VERÐ FRÁ:
11.900,-



Eldhús STÁLvaskar 89x48 sm Verð 26.900,-

43x38 sm Verð 11.900,-

45x45 sm Verð 13.900,-

58,5x48,5 sm Verð 15.900,-

www.i-t.is

INNRETTINGAR
& TÆKI

- fyrir þitt heimili

Ópið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

VEISTU SVARID?



1. Hver á og rekur álver í Straumsvík?

2. Hvað heitir nýjasta skáld-saga Arnaldar Indriðasonar?

3. Hvaða þingmaður afþakkar 260 þúsund króna formanns-álag ofan á þingfararkaupið?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Ísland kynnt í Þýskalandi:
Flugferðum fjölgað í sumar
FERÐAÞJÓNUSTA Þýskum ferða-mönnum á Íslandi mun fjölga umtalsvert næsta sumar, að sögn Oddnýjar Bjargar Halldórs-dóttur, sölustjóra hjá Ferðaþjón-ustu bænda. Fulltrúar þrettán ferðaþjónustufyrirtækja kynna nú Ísland sem áfangastað fyrir þýska ferðamenn. Er þetta upp-haf markaðsátaks íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja í Evr-ópu. Sams konar strandhögg verður í desember í Amsterdam og Brussel. - bps

DÓMSTÓLAR
Hótaði lögreglukonu ofbeldi
Ríkissaksóknari hefur ákært karl-mann um tvítugt fyrir að hóta ítrekað lögreglukonu við skyldustörf ofbeldi. Atvikið átti sér stað í Hafnarfirði í júní á síðasta ári.

10FRÉTTABLAÐIÐ28. október 2009MIÐVIKUDAGUR

Bankasýslan skipar nefnd sem velur fulltrúa ríkisins í stjórnir fjármálafyrirtækja:

Áhugasamir skrái sig á netinu

STJÓRNMÁL Bankasýsla ríkisins hefur skipað valnefnd til að til-nefna fulltrúa ríkisins til setu í stjórnnum bankanna.

Í nefndinni sitja Kristín Rafnar, forstöðumaður í Kauphöllinni, Friðrik Már Baldursson, forseti viðskiptadeildar HR, og Helga Val-fells, sérfræðingur hjá Nýsköpun-arsjóði.

Fólk sem hefur áhuga á að sitja í stjórn banka og telur sig uppfylla hæfisskilyrði getur gefið kost á sér á vefsetri sem Bankasýslan er að koma sér upp. Þá leitar val-nefndin einnig eftir fólki að eigin frumkvæði. Vil val ber nefndinni að leggja mat á hæfni og reynslu



BANKASÝSLAN Þorsteinn Þorsteinsson er formaður Bankasýslu ríkisins.

og gæta að heildaryfirbragði svo stjórnirnar séu ekki of einsleitar. Þá skal hún leitast við að tryggja að í stjórnunum sitji sem næst

jafn margar konur og karlar.

Samkvæmt samningum sem ríkið hefur gert við skilanefndir gömlu bankanna á það rétt á einu stjórnarsæti í stjórn Íslandsbanka, fjórum í stjórn Landsbankans og fjórum hjá Nýja Kaupþingi sem þó fækkar í einn ef kröfuhafar ákveða að yfirtaka meirihlutann í bankanum. Bankasýslan auglýsti fyrr í mánuðinum eftir forstjóra og rennur umsóknarfrestur út í byrjun næstu viku.

Þó að Bankasýslan hafi tekið til starfa og fari með eigandahlutverk í bönkunum verður lúkning samn-inga við kröfuhafa áfram á hendi fjármálaráðherra.

- bps

Orðabækur á netinu:

Lokað fyrir framhaldsskóla

MENNTUN Snara, vefbókasafn sem selur aðgang að Íslenskri orða-bók og fjölda annarra orðabóka, ætlar á fimmtudag að loka fyrir aðgang framhaldsskólanema að safninu.

„Í haust var þess farið á leit við menntamálaráðuneytið að það greiddi fyrir aðgangi allra framhaldsskólanema landsins að Snörunni. Því miður hefur ráðu-neytið ekki séð sér fært að svara erindi okkar, og Snara getur ekki haldið rekstri vefsvæðisins úti án greiðslna frá notendum til lengri tíma,“ segir á heimasíðu Snöru.

Fyrirtækið hafði boðið nenum ókeypis aðgang í eitt ár.

- kóp

Lögfesting austurrísku leiðarinnar á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar:

Ofbeldismaður víki í stað brotaþola

LÖGREGLUMÁL Unnið er að lögfest-ingu brottvísunar eða „austurrísku leiðarinnar“ í dómsmálaráðuneyt-inu.

Þetta kom fram í máli Ásu Ólafsdóttur, aðstoðarmanns dóms-mála- og mannréttindaráðherra, á fræðafundi lagadeildar Háskól-ans í Reykjavík í gær. Aðrir frum-mælendur á fundinum voru Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuð-borgarsvæðinu, og Sigprúður Guð-mundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins.

Ísland er nú eina Norðurlanda-þjóðin sem ekki hefur brottvísunar-úrræði í lögum.

Ása telur að brottvísunarákvæðið styrki verulega lög um nálgunar-bann sem tóku gildi í upphafi þessa árs. Hún telur nauðsyn-legt að brottvísunarákvæðið fylgi nálgunarbanninu og bendir á að í nágrannalöndum okkar hafi brott-vísunarákvæðið komið í kjölfar lagasetningar um nálgunarbann.

Ása telur brottvísunina gott tæki en spáir því jafnframt að það verði ekki mikið notað.

Stefán Eiríksson telur að brott-vísunarákvæðið hafi reynst vel í þeim löndum þar sem það hefur verið tekið upp. Hann tók undir það sjónarmið Ásu að líklegt væri að brottvísunarákvæðinu yrði beitt í fáum tilvikum en aðeins eitt tilvik þar sem brottvísun væri lausn rétt-lætti lögleiðingu hennar.

Sigprúður Guðmundsdóttir, fram-kvæmdastýra Kvennaathvarfsins, benti á að ábyrgðin ætti að liggja þar sem hún ætti heima, hjá ofbeldismanninum. Að hennar mati er það óviðunandi að kona sem verði fyrir heimilisofbeldi, og börn hennar, þurfi að glíma við hvunn-daginn í framandi umhverfi á sama tíma og tekist er á við gerbreyttar



ÁSA ÓLAFSDÓTTIR



STEFÁN EIRÍKSSON



SIGPRÚÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR

AUSTURRÍSKA LEIÐIN

Austurríska leiðin eða brottvísun er lagaheimild sem gerir lögreglu kleift að fjar-lægja ofbeldismann af heimili sínu og banna komur hans þangað um tiltekinn tíma. Aðferðin var lögfest í Austurríki árið 1997 og varð til þegar Austurríkis-menn stóðu frammi fyrir því að opna tuttugasta kvennaathvarfið í landinu.

aðstæður og framtíðarsýn, eins og gerist hjá konu sem hefur ákveðið að segja skilið við heimilisofbeldi.

Sigprúður leggur áherslu á að

ofbeldismaður sé fjarlægður af heimili en að honum sé boðin hjálp til að takast á við erfiðleika sína og jafnvel athvarf til að búa í.

- ss

Backup failure



Cannot copy Ársskýrslan_2009.doc. There is not enough free disk space.

I've deleted your file without any chance of recovery.

Press OK to continue.

OK

VIST fyrir fyrirtækið þitt

Villuboðin heyra sögunni til

- þú heldur bara áfram að vinna

Með fyrirtækið í VIST getur þú dregið úr kostnaði um leið og þú færð trausta þjónustu sem tryggir öryggi gagna og aðgengi að nauðsynlegum upplýsingum. Í VIST er heimasvæði fyrirtækisins hýst á netþjónum Símans sem eykur samnýtingu skjala og öryggi gagna.

Með reglulegri afritun og vírusvörnum er öryggi tryggt enn frekar. Fyrirtækjapósturinn í VIST veitir starfsmönnum aðgang að póstinum hvar sem er, auk þess sem hægt er að deila dagbókum, tengiliðum og verkefnum.

Veldu hagkvæma og örugga VIST fyrir fyrirtækið þitt.

Það er Síminn

800 4000 • siminn.is

VIST

Öryggi og hagræðing í rekstri

Fyrrum þingmaður í Færeyjum:

Ýtum nú við Norðurlöndum

FÆREYJAR Nú þegar fundur Norðurlandaráðs stendur yfir í Stokkhólmi eiga fulltrúar Færeyinga í ráðinu að heita á stærri Norðurlandþjóðir að fara að fordæmi Færeyinga og lána Íslendingum peninga.

Svo segir Henrik Old, fyrrverandi þingmaður Jafnaðarflokksins, í viðtali við Portal.fo, stærsta vefmiðil Færeyja. Ísland hefur farið eftir flestum kröfum AGS, en fær ekki útborgað lán sitt. Lán Norðurlandanna bíða einnig AGS. Færeyingar eiga að nýta fundinn til að minna á erfiðleikana á Íslandi, segir Henrik.

- kóp

Skotar og Evrópusambandið: Geta nú talað saman á gelísku

EVROPA Nú má nota gelísku í formlegum samskiptum milli ráðherra skosku stjórnarinnar og embættismanna Evrópusambandsins.

Þetta var ákveðið í byrjun mánaðarins og er svipað samkomulag og var gert um notkun velsku í júlí. Skotar greiða sjálfir fyrir þýðingarnar.

„Að gelíska sé töluð á slíkum vettvangi eykur vægi hennar heima og erlendis. Ég hlakka til að ávarpa ráðið á gelísku,“ segir menningarmálaráðherra Skotlands, Mike Russel.

Árið 2001 töluðu 58.652 Skotar gelísku.

- kóp



MJALTIR Frá og með mánaðamótum verður þjónusta við DeLaval í höndum Fóðurbíöndunnar.

Samið við DeLaval:

Bændur óttuðust að verða fyrir tjóni

LANDBÚNAÐUR Hættu á að bændur yrðu fyrir tjóni ef bilanir kæmu upp í mjaltakerfum frá norska fyrirtækinu DeLaval var að mestu afstýrt í fyrradag. Þá var undirrituð viljayfirlýsing milli Fóðurbíöndunnar og DeLaval um að Fóðurbíöndun tæki yfir sölu og þjónustu á vörum DeLaval á Íslandi. Tekur hún gildi um mánaðamót.

Vélaver hefur haft umboð fyrir DeLaval (áður Alfa Laval) en er nú til gjaldþrotameðferðar. Varahluti í mjaltakerfi og mjaltþjóna hefur skort um skeið og tækin ekki fengið eðlilega þjónustu. Í frétt á vef Bændablaðsins í fyrradag, bbl.is, sagði að raunveruleg hættu væri á að mjaltþjónar yrðu óstarfhæfir ef bilanir kæmu upp.

- bps

SVEITARFÉLÖG

EBÍ borgar 300 milljónir út Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands mun greiða sveitarfélögunum sem eiga það samtals 300 milljónir króna á þessu ári. Ákveðið hefur verið að útgreiðslan á næsta ári verði 250 milljónir.

MENNING

Tekur við safni Ólafs Thors Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri mun í dag taka formlega við einkaskjalasafni Ólafs Thors, fyrrverandi forsætisráðherra, og opna vefsíðuna olafurthors.is. Systurnar Ólöf og Guðrún Pétursdætur gefa safnið í minningu foreldra sinna, Mörtu Thors og Péturs Benediktssonar.

Ekki fara allir frambjóðendur til Alþingis eftir lögum um fjármál stjórnmálaflokka:

Um níutíu skiluðu ekki uppgjöri

STJÓRNMÁL Um níutíu frambjóðendur til síðustu alþingiskosninga höfðu ekki skilað fjárhagslegu uppgjöri til Ríkisendurskoðunar á mánudag, en skilafrestur rann út á miðnætti á sunnudag.

Alls átti 321 frambjóðandi að skila inn fjárhagslegu uppgjöri vegna framboðskostnaðar eða einfaldri yfirlýsingu um að kostnaður við framboðið hefði kostað 300.000 krónur eða minna. Þetta er í samræmi við lög um fjármál stjórnmálasamtaka, en brot gegn þeim geta varðað allt að sex ára fangelsi. Um 230 svör höfðu borist stofnuninni á mánudag.

„En við gefum fólki auðvitað

kost á því að skila þótt það hafi brunnit inni á frestinum,“ segir Lárus Ögmundsson, skrifstofustjóri hjá Ríkisendurskoðun. „Skárri er seint en aldrei.“

Ríkisendurskoðun á í framhaldinu að birta útdrátt úr reikningum þar sem greina skal heildartekjur og heildargjöld hvers frambjóðanda.

Þá skal greina á milli framlaga frá lögaðilum og frá einstaklingum. Sérstaklega skal greint frá

afslætti sem frambjóðandi kann að hafa fengið frá markaðsverði. Birta á nöfn allra fyrirtækja sem styrkja frambjóðandann.

- kóp



KJÖRKASSINN Þeir sem bjóðast til að fara með löggjafarvaldið eiga að greina frá því hverjir borga reikningana við framboðið, samkvæmt lögum um fjármál stjórnmálasamtaka. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HORNIÐ

Restaurant
Pizzeria
Galleri - Café

Tónleikar í Djúpinu í kvöld kl. 21

Markús og the
Diversions sessions
og Skúli Þórðarson

Hafnarstræti 15, sími 551 3340

Við viljum sjá þig

Staðreyndin er sú að ökumenn sjá vegfarendur með endurskinsmerki fimm sinnum fyrr. Flest eigum við endurskinsmerki ofan í skúffu, en þau koma aðeins að gagni séu þau notuð. Gætum að því að börnin okkar noti endurskinsmerki.

Nýi Kaupþing banki ætlar í samstarfi við Umferðarstofu og lögregluna að gefa endurskinsmerki, sem nálgast má í öllum útibúum bankans. Þeir sem búa fjarri útibúum bankans, geta sent tölvupóst á fraedsla@us.is og fengið merki sent.

Nældu þér í endurskinsmerki í næsta útibúi.

NÝI KAUPÞING BANKI



259 kr/pk.



KOSSAR
200g

379 kr/pk.



KARTÖFLUFLÖGUR
m. salti, 400g

279 kr/pk.



MARÍUKEX
600g

139 kr/pk.



HAFRAKEX
400g

359 kr/pk.



HLAUP
450g

119 kr/pk.



RÚSÍNUR
250g

189 kr/pk.



HVEITI
2kg

119 kr/pk.



BRAUÐRASP
500g

299 kr/stk.



SAFAR 1,5l
appelsínu, epla og ananas

459 kr/stk.



HUNANG
450g

398 kr/pk.



KAKÓMALT
1kg

199 kr/pk.



KORNFLEX
500g

Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is!

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Ódýrt!



109 kr/stk.



TÓMATAR
hakkaðir 400g

229 kr/pk.



SPAGHETTI
1kg

279 kr/pk.



HVÍTLAUKSBRAUÐ
2 stk.

239 kr/pk.



HRÍSGRJÓN
suðupokar, 500g

359 kr/pk.



BÖKUNARPAPPÍR
20m

199 kr/pk.



MARGNOTA POKAR
frosti/suðu/mikro, 75 stk.

199 kr/stk.



PLASTFILMA
60m

199 kr/stk.



SJAMPÓ
500ml

179 kr/stk.



TANNKREM
125ml

399 kr/pk.



KATTARSANDUR
8 lítrar

329 kr/stk.



HREINGERNINGARLÖGUR
1250ml

159 kr/pk.



HANDSÁPA
3 x 85g

Þitt með fyrirvara um prentvillur

nettó
Ódýrt fyrir heimilið!

Það verður að skera niður í mannahaldi.

Hið opinbera þand- ist út og svo ...

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

S á sem hefur vanið sig í langan tíma á eyðslu umfram efni á oft bágð með að breyta hegðun sinni. Hann er orðinn værukær og allir kringum hann eru orðnir góðu vanir. Menn kunna sér ekki hóf. Þannig er nú komið fyrir íslenska ríkinu, stjórnsýslunni, hinu opinbera, hvað sem við viljum kalla embættismannakerfið.

Enda er úr vöndu að ráða þegar spara verður í kerfinu. Reynsla liðinna mánaða sýnir að þar er mönnum þægilegast að skera niður sjóðina, fækka verkefnum og draga úr framkvæmdum, frekar en hitt að ráðast í endurskipulagningu á skrifstofunum, skoða hvernig vinnuferlar eru, auka vinnu á þá sem skipta raunverulegu máli í afköstum, en láta hina fara sem eru gagnslitlir. Frumkvæðið að slíku kemur sjaldnast fram á gólfinu, nálægðin er of persónuleg, kerfið verndar sína í þögulli samstöðu. Var nokkur von til þess að fyrrverandi formaður BSRB gæti gengið fram í niðurskurði sem skipti máli í endurskipulagningu á heilbrigðiskerfinu? Enda gafst hann upp með tylliástæðu og tryggði sér afsökun sem leit vel út.

Rekstrarkostnaður hins opinbera, bæði sveitarfélaga, ráðuneyta og undirstofnana, hefur þanist út ár eftir ár á síðustu og verstu tímum. Inn í kerfið er samningsbundin hemill sem torveldar niðurskurð á mannafla. Og umræða um takmörkun í rekstri hinna opinberu kerfa einkennist af mótsögnum: sagt er að stjórnsýslan hafi veikt á sama tíma og hún hefur stækkað í mannafla og kostnaður við hana aukist. Því er borið við að pólítísk spilling eigi þátt í því, ráðningar skoðanabræðra, flokks-gæðinga, jafnvel ættingja sé almenn regla í hinum opinbera rekstri og um leið að rik afskipti hins kjörna framkvæmdavalds hafi dregið úr faglegum vinnubrögðum. Til hins opinbera veljast þeir til starfa sem eigi síður erindi á vettvang einkareksturs. Er stundum talað um verndaða vinnustaði í því sambandi.

Á erfiðleikatímum er brýnt að ráðamenn hugi að sparnaði í rekstri opinberra eininga. Skorti ráðamenn til þess kjark verða kjósendur að heimta það. Og skiptir þá minnstu þótt fram komi ótti um skerta þjónustu. Sú röksemd að betra sé að hafa gagnslitla starfsmenn í vinnu en á atvinnuleysissskrá dugar ekki í þessari tíð. Þegar allur almenningur verður að spara við sig og taka á sig verulegar álögur er það síðferðilega rangt að halda úti kerfi sem hefur um árabil þanist út og skiptir þá litlu hvort það er skjól þeim sem hæfir að hygla og hafa rétt flokksskirteini. Auka þarf gegnsæi í opinberum ráðningum, falla frá endurráðningu án auglýsingar eftir fimm ára ráðningu og tryggja að kerfi ríkis, sveitarfélaga og stofnana búi við sífellt endurnamat um aðferðir, mannahald og verkefnaskil.

Við höfum næga reynslu frá liðinni öld um að kerfin búa yfir þeim sterkasta mætti að halda verndarhendi yfir þeim sem eru komnir inn og hólpnir, oftast til lífstíðar, á kostnað skattgreiðenda.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is ABSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðdóm verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Bílavarahlutir



Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Óperunjósnarinn

DV greindi frá því í gær að Ríkis-endurskoðun rannsakar nú meint misferli innan Varnarmálastofnunar. Í frétt DV er Ellisif Tinnu Víðisdóttur, forstjóra Varnarmálastofnunar, meðal annars gefnar venslaráðningar að sök; bent er á að Björn Ingiberg Jónsson, óperusöngv-ari og frændi Ellisifjar, sé einn þeirra sem ráðnir hafi verið á greiningar Varnarmálastofnunar. Í for-síðufyrirsögn segir DV óperusöngvarann vera á skólabeck hjá NATO að læra njósnir.



M. Björn Ingiberg

Björn Ingiberg væri þá ekki fyrsti óperusöngvarinn til að leika tveimur skjöldum; um það fjallar til dæmis leikritið (og kvikmyndin) M. Butterfly, sem byggt er á sönnunum atburðum, en það er allt önnur Ella. Mótrök Ellisifjar gegn ávörðingum um vensla-ráðningar gætu aftur á móti einmitt byggt á óperu-söng frænda hennar, til dæmis að hún hafi leitast við að ráða einhvern sem veit hvað hann syngur.



Rekinn eða ekki rekinn

Rétt er þó að halda því til haga að DV getur brugðist bogalstin í for-síðufyrirsögnum. Til dæmis í síðasta helgarblaði, þar sem birtist mynd af Sigga Stormi með fyrirsögninni: „Feginn að hafa verið rekinn.“ Í gær birti DV hins vegar áréttingu um að Siggi Stormur teldi sig ekki hafa verið rekinn af Stöð tvö, heldur hefði hann hætt sjálfviljugur. Rétt fyrirsögn hefði því verið: „Feginn að hafa gert samkomu-lag um stafslok sín og hætt af fúsum og frjálsum vilja.“

bergsteinn@frettabladid.is

Áætlunin „Next“

Um miðjan september batt kona ein sem starfaði hjá franska símafyrirtækinu France Télécom enda á sína ævidaga með því að stökkva út um glugga á skrifstofu sinni á fjórðu hæð í aðalstöðvum fyrirtækisins í París. Menn urðu mjög slegnir, ekki síst vegna þess að þetta var í tuttugasta og þriðja skiptið á einu og hálfu ári sem einhver starfsmaður þessa sama fyrirtækis fargaði sér, og fyrir utan þessa menn var vitað um þrettán aðra sem gert höfðu tilraun til slíks eða lagt hendur á sjálfa sig. Nýlega var t.d. sagt frá því að einn tæknimaður símafyrirtækisins í bænum Troyes hefði stungið sig hnífi í kviðinn á vinnustað, fyrir fram-an samstarfsmenn sína, en honum var bjargað.

Lítill vafi lék á því að þessi sjálfsvígabylgja – sem virtist vera að aukast fremur en hitt, því að sjö af þessum tuttugu og þremur höfðu fargað sér á tveimur mánuðum, síðan um miðjan júlí – stóð í beinu sambandi við aðstæður á vinnustað. Það var alveg ljóst um níu þessara manna, og birti blaðið *Le Parisien* mynd af bréfi sem einn þeirra, arkitekt með þrjátíu ára starfsreynslu hjá fyrirtækinu, hafði skrifað. Þar mátti lesa: „Ég farga mér vegna starfsins hjá France Télécom. Það er eina ástæðan. Stöðug streita, ofþjökun í vinnu, engar leiðbeiningar, öllu skipulagi fyrirtækisins riðlað, ógnarstjórn! Þetta hefur algerlega brotið mig niður. Það er betra að binda enda á þetta allt.“ Önnur sjálfsvíg virtust vera af svipuðu tagi, konan sem stökk út um gluggann var nýbúin að fá tilkynningu um að það ætti að „endurskipuleggja“ hennar deild, eina ferðina enn.

Þeim sem höfðu fylgst vel með umræðum kom þetta ekki mikið



EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | Álag á vinnustað

á óvart. Í Frakklandi hefur mikið verið rætt um eina hlið frjáls-hyggjunnar, sem ég veit ekki hvort Íslendingar þekkja af eigin raun en hefur verið mjög á dag-skrá erlendis, og hún er sú að fara illa með starfsfólk, traðka á því á kerfisbundinn hátt og brjóta það niður. Síðan símafyrirtækið France Télécom var einkavætt árið 1996 hefur stöðugt verið að „endurskipuleggja“ það til að gera það „samkeppnishæft“ og auka gróðann. Stefnt var að því að fækka starfsmönnum mjög mikið, og þannig losaði fyrirtækið sig við fjörutíu þúsund þeirra á fáum árum en á fremur auðveldan hátt, aðallega með því að setja menn á eftirlaun, stundum fyrir tíma. En það þótti ekki nóg, þess vegna var hrundið í framkvæmd áætlun sem nefnd var „Next“ – því að í nútímavæðingunni verður að skíra allt upp á engilsaxnesku – og miðaði að því að losa fyrirtækið við tuttugu og tvö þúsund til viðbótar. En þeir sem sátu nú eftir voru yfirleitt ekki á þeim buxunum að hætta, og því var gripið til þeirra ráða að ofsækja menn og fara sem harkalegast með þá þangað til þeir gæfust upp og færu af sjálfsdáðum. Arkitektinn sagði t.d. sínum nánustu frá því að á hverjum morgni fengi hann nafnlausan tölvupóst þar sem hann var m.a. spurður hvort

honum fyndist ekki kominn tími til að breyta um og gera eitthvað annað. Svo var það algengt að mönnum væri tilkynnt fyrirvara-laust að það ætti að leggja niður þeirra deild og þeir yrðu fluttir í aðra deild, en í öðrum bæ kannske 50 eða 100 km í burtu. Sífellt var verið að breyta, auka vinnuálagið meir og meir, færa menn til, skipta um yfirmenn o.p.h. til að koma í veg fyrir að nokkur félags-leg tengsl mynduðust milli starfsmanna, hárra og lágra. Með þessu móti hefur yfirmönnum hins einkavædda fyrirtækis nú tekist að losna við þennan ákveðna fjölda, flestir sögðu upp eða voru reknir, en svo voru einstaka menn sem völdu aðra aðferð. Og þá er spurningin: hver verður „next“?

Vitanlega hefur þessi stjórnunartækni – sem er kennd í skólum og ber heitið „management“ – ekki aðeins þann tilgang að losna við menn, einnig er stefnt að því að gera þá sem eftir eru hrædda og öryggislaus, t.d. með því að láta þá aldrei vera lengi í sama starfinu innan um sömu félagan, til þess að þeir verði hlýðnir og undirgefnir og hægt sé að bjóða þeim hvað sem er, gera sífellt meiri kröfur til þeirra. Og á því er ekkert lát. Eftir að konan fargaði sér með því að stökkva út um gluggann sagði einn af yfirmönnum France Télécom að þetta væri afskaplega hörmulegur atburður, en þó yrði ekki gert hlé á „endurskipulagningunni“, eins og stéttarfélag höfðu farið fram á, fyrirtækið mætti ekki dragast aftur úr í „samkeppninni“.

Kannske er rétt að nefna að það hefur ekki einungis verið samín „Svört bók kommúnismans“, einnig er til „Svört bók frjáls-hyggjunnar“, en á henni er sá galli að hún urreiðist skjótt, í rauninni þyrfti stöðugt að bæta við hana.

Um þjónustu

UMRÆÐAN

Halldóra Kristjánsdóttir skrifar um vændi

Hvað dettur ykkur helst í hug þegar hugtakið „þjónusta“ er nefnt? Öldrunarþjónusta, góð þjónusta á veitingastað, þjónustuver stórra fyrirtækja og stofnana, eða...? Það er örugglega hægt að hugsa sér margs konar þjónustu sem bæta mætti við upptalninguna. En þegar t.d. þrælur vinna fyrir þrælahlaldara, stunda þrælarnir þá þjónustustörf? Er hægt að kaupa sér þrælþjónustu?

Í opinberri umræðu, bæði í fjölmiðlum og í stjórnsýsluplögum, heyrir hugtakið „kynlífsþjónusta“ sífellt oftar. Þetta hljómar eins og hver önnur sjálfsgöð þjónusta!

Rannsóknir sýna að þær konur sem stunda vændi á Norðurlöndunum, að Íslandi meðtöldu, eru í flestum tilfellum erlendar, komnar frá Austur-Evrópu eða utan Evrópu. Eins og glögglega hefur komið í ljós á undanförunum vikum er mjög líklegt að þær konur sem stunda vændi hér á landi séu fórnarlömb mansals.



HALLDÓRA TRAUSTADÓTTIR

Mér finnst einhvernvegin skrítið að líta á þessar konur sem þjónustuaðila og að kalla kaup á aðgangi að líkama þeirra kaup á „kynlífsþjónustu“, eins og um sé að ræða kaup á einhverri sjálfsgöðri og „hvitþveginni“ þjónustu. Það er eins og það sé verið að segja að vændi sé fyrir hendi vegna þess að það er einhver tilbúin til að veita þessa þjónustu, þegar reyndin er sú að ef engin eftirspurn eftir vændi væri fyrir hendi, væri sú „þjónusta“ heldur ekki fyrir hendi.

Einhvernvegin tekst okkur alltaf að beina sjón-um að konum þegar kemur að umræðu um vændi, nauðganir eða annað kynferðislegt ofbeldi; hvað gætu konurnar gert öðruvísi eða hvernig þær hefðu átt að haga sér áður en að ofbeldismaðurinn lét til skarar skríða. Hvernig væri að við færum að beina sjónum okkar að þeim sem brjóta lögin, nefnilega að kaupendum vændis. Þeir eru ekki að kaupa sér þjónustu heldur eru þeir að kaupa í krafti valds síns aðgang að líkama kvenna sem hafa verið hneptar í fjöttra vegna efnahagslegs og kynbundins misréttis. Það þjónar engum tilgangi að læðast eins og köttur í kringum heitan graut; köllum hlutina það sem þeir eru í raun og veru. Tilvist vændis byggir á ójafnrétti kynjanna.

Höfundur er framkvæmdastjóri Kvenréttindafélags Íslands.

FERÐAFÉLAGIÐ ÚTIVIST stendur fyrir Útivistarræktinni nokkrum sinnum í viku. Á fimmtudaginn klukkan 18 er farið frá vesturenda göngubúðarinnar yfir Kringlumýrarbraut og gengið vestur með Öskjuhlíð með ströndinni út undir Ægisíðu og sömu leið til baka. www.utivist.is



FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

Allt á einum stað

BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTUNI 4 • SÍMI 562 6066

Jólahlaðborð

Ekki missa af okkar landsfræga og margrómaða jólahlaðborði. Síðast komust færri að en vildu.

Á föstudags- og laugardagskvöldum í nóvember og desember er innifalið í verði; Jólahlaðborð, dansleikur, hljómsveit leikur fyrir dansi.

Bjóðum upp á rútuferðir fram og til baka.

Sunnudagskvöldin eru fjölskyldukvöldin okkar, þá kemur jólasveinninn í heimsókn með glaðning handa börnunum, fritt fyrir 12 ára og yngri í fylgd með foreldrum.

Sértilboð fyrir hópa á **fimmtudagskvöldum**. Tilvalið fyrir vinnustaði, klúbba og félagasamtök.

Allar helgar til jóla 4 glæsilegir salir - allt að 350 manns

Uppl. og bókanir í síma **567 2020** Skíðaskálinn í Hveradölum www.skidaskali.is - skidaskali@skidaskali.is



Sigríður Þóra rakst á fremur fáar lífandi stjörnur í Los Angeles en lét þó taka mynd af sér hjá stjörnu Star Trek-hetjunnar Williams Shatner á Hollywood Walk of Fame.

Nóg að gera í Los Angeles

Sigríður Þóra Ásgeirsdóttir skrifa eyddi síðasta sumri í Los Angeles þar sem hún stundaði nám í förðun og hárgreiðslu. Þar eignaðist hún marga vini og leið svo vel að hún hyggst sækja borgina heim um jólin.

„Ég býst við að Los Angeles sé ein af þessum borgum sem fólk annaðhvort elskar eða hatar. Ég tilheyri fyrri hópnum, enda kunni ég mjög vel við mig í þessa þrjá mánuði sem ég bjó þar,“ segir Sigríður Þóra Ásgeirsdóttir, skrifta hjá RÚV. Sigríður Þóra dvaldi í Los Angeles í þrjá mánuði síðastliðið sumar þar sem hún stundaði meðal annars förðunar- og hárgreiðslunám við MUD, Make-Up Designory-skólann.

Sigríður Þóra leigði íbúð með tveimur skólasysturum sínum í Norður-Hollywood. „Við urðum svo miklar vinkonur að ég ætla að heimsækja þær og fleiri vini mína til Los Angeles um jólin og áramót. Ég er ekki mikið jólabarn og hef alltaf viljað prófa að vera í útlöndum yfir hátíðarnar svo þetta verður vonandi bara gaman,“ segir Sigríður Þóra og brosir.

Sigríður Þóra segir mikinn tíma hafa farið í námið. „En þegar maður er í útlöndum býr maður sér til tíma til að gera aðra skemmtilega hluti. Los Angeles er frekar mikil bílaborg og ég var heppin að því leyti að vinir mínir voru duglegir að sækja mig og keyra eða lána mér bíl til að ég gæti farið þangað sem mig langaði. Með þeim fór ég meðal annars til Santa Monica og á Venice Beach, Malibu Beach, þar sem ég sá höfrunga stökkva um í sjónum og fleiri skemmtilega staði sem er vert að sjá. Svo var mér líka oft boðið í grillveislur, afmæli, alls kyns boð og þar fram eftir götunum. Það var nóg að gera. Ég fór líka í helgarferð til San Diego með vinkonu minni og það var frábært. Það er borg sem ég væri svo sannarlega til í að fara til aftur.“

Spurð hvort hún hafi ekki rekist á kvikmyndastjörnur á hverju

horni segir Sigríður Þóra svo ekki hafa verið. „Ég heyrði þó stundum af þeim í hverfinu eða í þessari eða hinni búðinni sem ég hafði verið í stuttu áður eða seinna,“ segir hún og hlær. „Þó rakst ég á einn, David Eigenberg, en hann leikur Steve, barnsföður Miröndu í Sex and the City. Ég lenti nú reyndar óvart á smá spjalli við hann og eiginkonu hans. Þau höfðu komið til Íslands og spurðu mig mikið út í land og þjóð.“

Hún segir alla hafa verið mjög áhugasama um uppruna hennar. „Það fylgdi alltaf sögunni að ég væri frá Íslandi þegar ég var kynnt fyrir nýju fólki og öllum fannst það mjög spennandi. Vitneskjan um Ísland var mismikil en fyndnast var að í eitt sinn þegar ég sagðist vera héðan þá sagði maðurinn: „Vá, það er löng keyrsla þangað!““ segir Sigríður og hlær.

kjartan@frettabladid.is

Jeppadekk - Heilsársdekk - Nagladekk

Mundu eftir að finna **besta verðið** áður en þú kaupir hér dekk

Sýndu fyrirhyggju - ekki lenda í biðröð


-15%

BÍLKÓ

ATH. OPÍÐ Á LAUGARD. KL. 10-14

BÍLKÓ | Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110 Þjónustumiðstöð bílsins

Á FÆRÐINNI



VEÐURSÍMINN er símsvari Veðurstofu Íslands. Númerið er 902 0600 en þar má fá upplýsingar um veður á ensku, landspá, sjó-veðurspá og flugveðurlýsingu. www.vedur.is

Nýkomið glæsilegt úrval af kvenskóm úr leðri og fóðraðir með flís. Margar gerðir.



Stærðir: 36-42
Verð: 17.500.-



Stærðir: 36-41
Verð: 17.500.-

Misty skór

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opíð: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

Tryggingar í takt við akstur

Varla getur talist sanngjarnt að allir greiði sömu tryggingar af bílum sínum, hvort sem þeir keyra 5.000 eða 50.000 kílómetra á ári. Lengi hafa verið uppi hugmyndir um að breyta því fyrirkomulagi og á síðustu árum hefur komið fram tækni sem gerir það mögulegt.

Bílatryggingar sem taka mið af akstri gætu verið handan við hornið. Ingi Björn Sigurðsson í fyrirtækinu Have a Good Drive hefur yfir búnaði að ráða sem gerir tryggingafélögum það kleift. „Ég nota tæknibúnað sem settur er í bíla er metur aksturslag og mælir kílómetrafjölda. Því get ég gefið tryggingafélögum upplýsingar sem opna möguleika á að taka upp notendadrifnar ökutækjatrýggingar. Fyrirtækið SAGAsystem á búnaðinn og er með alþjóðlegt einkaleyfi á hugvitinu bak við aksturslagsmælingarnar. Það hefur verið notað í átta ár á Íslandi og gefist vel. Um leið og ökumaðurinn er gerður ábyrgur fyrir eigin akstri fer hann óhjákvæmilega að keppast við að verða betri. Til dæmis lækkaði Pósturinn tjónatíðnina um 56 prósent fyrsta árið með því að gera ökumönnum grein fyrir hvernig þeir keyrðu.“

Ingi Björn stofnaði fyrirtækið Have a Good Drive í ágúst síðastliðnum en vann áður hjá SAGAsystem eftir að hafa lokið mastersprófi í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum. Hann kveðst víða fá góð viðbrögð við hugmyndum sínum um ökutækjatrýggingar sem taki mið af akstri. En verða þær ekki dýrari

Svona gengur þetta fyrir sig

- Lítil tölva (ökuriti) er sett í bíl.
- Ökuritinn reiknar út vegalengd og hvernig bíllinn er keyrður.
- Ökuritinn sendir gögn í gegnum GSM-kerfið til Have a Good Drive.
- Have a Good Drive býr til upplýsingar fyrir tryggingarfélög.
- Tryggingafélögin reikna iðngjöld og senda tryggingatökum upplýsingarnar.
- Tryggingatakar fá upplýsingar um hversu vel þeir keyra.

en þær sem nú eru við lýði fyrir þá sem keyra mikið? „Jú, þess vegna ætti fólk að geta valið á milli tvenns konar trygginga. Ég get ímyndað mér að þeir sem noti bílinn lítið muni velja notendadrifnar tryggingar en aðrir sem keyra mikið halda sig við hinar,“ segir hann og tekur dæmi um mismunandi bílanotkun. „Maður frænkuminnar er búinn að vera tjónlaus síðan 1968 og keyrir 4-5.000 kílómetra á ári. Hann er að borga það sama og ungur frændi minn sem



Ingi Björn Sigurðsson uppfinningamaður.

keyrir 30-40 þúsund kílómetra og fer með tvo dekkjaganga.“

Samkvæmt rannsókn í Bandaríkjunum frá 2001 keyra konur þar fjórutíu prósentum minna en karlar og valda fjórutíu prósentum færri slysum, að sögn Inga Björns. „Viðast hvar borga konur samt sömu tryggingar og karlar og eru því í raun að borga fyrir

slysin sem þeir valda,“ bendir hann á. „Iðgjöldin byggja alltaf á einhverri áhættu og ef búnaður í bílnum segir ökumanni á hverjum degi að keyra betur þá lækkar það tjónakostnað. Þetta hefur því gífurlegan sparnað í för með sér, ekki bara fyrir einstaklinginn heldur líka þjóðfélagið,“ segir hann.

gun@frettabladid.is

6 vikna námskeið!!!

2 fyrir 1 tilboð fyrir byrjendur

Magadans fyrir:

- *40+
- *Byrjendur
- *Framh.

Pole Fitness

Poledancing

Burlesque (Moulin Rouge)

Hefjast 2. nóvember

S. 772-2345

Faxafen 14 fyrir neðan Bónus

www.magadans.is

www.happyEyes.is

Á Strandarkirkju hefur verið meiri átrúnaður en á nokkrum öðrum stað hérlandis. Öldum saman hefur verið heitið á Strandarkirkju í lífsháska eða erfiðleikum og enn streyma peningar til hennar vegna áheita. Fyrir bragðið er hún orðin ein auðugasta kirkja landsins.



Sögustaðir Íslands

La Villa

Gistiheimili í Kaupmannahöfn
Herbergi og studioíbúðir
í miðbænum
sími 0045-2848 8905



ALLT TIL INNPÖKKUNAR

Eingöngu sala til fyrirtækja


Opíð 08.00-16.00



www.flora.is info@flora.is Réttarhálsi 2 110 Rvk Sími: 535-8500

Skáldsögur

SÉRBLAÐ UM SKÁLDSÖGUR 28. OKTÓBER 2009.





PARADÍSAR-BORGIN



Höfundur: Óttar M. Norðfjörð
ENGINN MUN SLEPPA.

Paradísarborgin er óvenjuleg saga af venjulegu fólki, og hvernig það bregst við erfiðum fréttum og erfiðum tímum. Þessi áhrifamikla bók veltir upp mýmörgum spurningum um missi og val og situr lengi í lesandanum að lestri loknum.

VORMENN ÍSLANDS

Höfundur: Mikael Torfason
SÓMI BREIÐHOLTS, SVERÐ PESS OG SKJÖLDUR

Birgir Thorlacius er gjaldþrota útrásarvikingur, fráskilinn og meðvirkur Al-anon-félagi sem rannsakar sviplegt andlát móður sinnar. Kannski drap Birgir hana sjálfur, hann er ekki viss. Bókin er í senn spennusaga og fjölskyldusaga verkamannafjölskyldu í Breiðholti. Fyndin, tregafull og beinskeytt ádeila á nútímasamfélag.



SÍBERÍA

Höfundur: Fritz Mår Jørgensson

Æsispennandi glæpasaga úr íslenskum raunveruleika, ofin hárfínur húmor. Atburðarásin er hröð, stillinn skemmtilegur og fléttan kemur á óvart. Fritz

Mår Jørgensson hefur fengið frábærar umsagnir um fyrri bækur sínar og einstaklega góðar viðtökur lesenda.

SÍÐUSTU DAGAR MÓÐUR MINNAR

Höfundur: Sölvi Björn Sigurðsson

Þegar Mamma greinist með ólæknandi sjúkdóm og tarotspilin boða ekki bata heldur ævintýr er lífi hennar og Dáta, 37 ára sonar hennar, snúið á hvolf. Saman fara þau til Amsterdam í leit að líkn og reynist ferðalagið allt þetta í senn: gráglettið og tregafullt, innilegt og fyndið. „Mergjuð saga um lífið, sorgina og hvernig elska á móður sína.“ Steinar Bragi, rithöfundur

Bókin er væntanleg í byrjun nóvember.



● **STEPHEN KING** „Aðeins óvinir segja sannleikann; vinir og elskendur ljúga stanslaust, þeir eru fastir í vef skyldurækninnar.“

Stephen King (1947-) er bandarískur rithöfundur. Hann hefur skrifað fjölda skáldsagna sem margar hverjar hafa verið kvikmyndaðar með misjöfnum árangri. Meðal þekktustu verka hans eru The Green Mile, The Shining, It og Misery.



Mikael Torfason og Óttar Norðfjörð hafa báðir sent frá sér fjölda skáldsagna og staðið fyrir fjölbreytilegri útgáfu þrátt fyrir að vera í yngri hópi rithöfunda.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þolum ekki skáldsögur

Áður en þeir Mikael Torfason og Óttar M. Norðfjörð mæta í hús slær blaðamaður nöfnum þeirra beggja saman í leitarvélinni google. Í ljós kemur gömul blogg færsla skrifuð af Óttari árið 2005 þar sem ekki er farið fögrum orðum um Mikael sem þá var ritstjóri DV.

Tilefni bloggskrifanna er hauskúpa sem þáverandi menningarritstjóri DV gaf fyrstu bók Óttars í stað stjarna. DV fór ekki mjúkum höndum um ungskáldið og Óttar kunni Mikael litlar þakkir fyrir. Óttar átti þó eftir að fá verðskuld að hrós fyrir seinni bækur sínar og ekki lítið af því. Báðir skella upp úr þegar þetta mál er nefnt enda meiri menn en svo að þeir nenni að eltast við það sem löngu liðið er.

„Ég hef fylgst með Óttari allt frá háskúpunni,“ segir Mikael og sú ályktun sem hann hefur dregið er: „Óttar virðist vera svona náungi sem getur allt, skrifar fagurfræðilegt bókmenntaverk ef hann langar og ef hann langar að skrifa glæpasögur þá gerir hann það bara og miðar sig við þá allra bestu í bransanum, hvort sem það er nú Dan Brown eða einhver annar, og skrifar enn betri bók,“ segir Mikael en gagnrýnendur hafa líkt

tveimur bókum Óttars við Da Vinci lykilinn nema tekið fram að Óttar sé færari.

„Þetta verður fyrirsögnin,“ segir Óttar eftir lofræðuna. En bætir fljótlega við: „Þú ert nú eitt-hvað að gulllita mig. Það er hell-ingur af hlutum sem ég get ekki,“ segir hann og útskýrir að hann gæti aldrei skrifað bækur áþekkar töffarabókmenntum Mikæls. „Ég hef bara enga reynslu eða þekkingu af þeim heimi sem hann skrif-ar um.“

Sjö ár hafa liðið frá því að síðasta bók Mikæls kom út. Hann segir ástæður þess hve langt leið á milli bóka hans Samúels og þeirrar nýjustu, Vormanna Íslands, vera sjálfsleit auk þess sem hann hafi átt í ástar- og haturssambandi við rithöfundarstarfið. Um tíma hafi hann helst langað að hætta skrif-um og læra hjúkrun svo hann gæti verið fullviss um að verða samfélaginu til gagns.

Í nýrri bók Mikæls er sögu-maðurinn fyrrverandi ritstjóri Dag-bladsins og leitað er fanga í ýmsum fréttamálum. Óttar hefur lesið bók-ina og segir hana heillandi blöndu játninga, ævisögu, „og svo hörku-góðrar skáldsögu“. „Íslendingar hafa líka aldrei haft áhuga á hrein-ræktuðum skáldsögum. Við þolum þær ekki,“ segir Mikael og vitnar í Guðberg Bergsson, sem eitt sinn

sagði að Íslendingar vildu helst lesa sögur með símaskrána sér við hlið. Hann bendir því næst á það hvern-ig fólk hefur lesið Íslendingasögur og bækur á borð við Engla alheims-ins og Djöflaeyjuna.

Paradísarborgina segir Óttar svo nátengda reynslu sinni, sagan segir frá manni sem flytur inn til bróður síns eftir að að hafa misst föður sinn en hvort tveggja hefur Óttar nýlega gengið í gegnum. „Mér finnst gaman að læra á nýjar tegundir bóka. Næsta bók sem ég skrifa verður samt alltaf blanda af því sem ég hef áður skrifað.“

Báðir gagnrýna þeir þá tilhneig-ingu að tengja bækur sjálfkrafa annað hvort við fagurfræði eða spennu. Líkt og aðeins sé hægt að miða við Laxness eða Arnald.

Ástæðan fyrir því að Óttar seg-ist hafa skrifað spennusögur hafi verið sú að hann hafi verið sann-færður um að lítið mál væri að skrifa bækur sem studdust við formúlu en komist að hinu gagn-stæða. Ólíkt því sem gerist í fagur-fræðilegum skáldverkum þurfi allt að ganga upp og ekki dugi að skilja lesandann eftir með torræðan endi. Um tíma hafi listin og hið torskilda þótt svo fínt í íslenskum bókmennt-um að það hafi verið að ganga að bókinni dauðri. Bækur eigi að geta verið skemmtilegar en um leið rist för í huga lesenda.

● **FYRSTA SKÁLDSAGAN** Maðurinn hefur sagt sögur frá örófi alda, það er vitað með vissu. Mikil óvissa og deilur eru þó um hvenær fyrsta skáldsagan verður til. Á Vísindavefnum er ýmsum skilgreiningaratriðum velt upp og leitað fanga við að finna út hvaða skilyrði sögur þurfa að uppfylla til að kallast skáld-sögur.

Ef skáldsagan er skilgreind sem frásögn af fólki sem er líkara venjulegu fólki en persónum úr epískum hetjuljóðum, má segja að fyrstu varðveittu skáldsögurnar séu frásagnir frá 1. öld eftir Krist, sem voru samdar á latínu og lýsa lífi og háttum fremur lágt settra einstaklinga í samfélaginu, annars vegar Satýríkon eftir Petróníus og hins vegar Gullasninn eftir Apúleius.



„MEISTARAVERK“

The Times


**SÍÐBLINT LJÚFMENNI,
AÐMJÚKUR FANTUR ...**

Hvíti tígurinn er snilldar-
lega skrifuð saga um napran
veruleika Indlands; saga um
græðgi, spillingu, örbirgð og
mannvonsku meðal fátækra
og ríkra.

Uppreisnarmaðurinn Balram
jatar opinskátt bresti sína
og brot í háðskri og fyndinni
frásögn sem um leið er bæði
heillandi og sláandi.



JPV
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



**BOOKER-
VERÐLAUNIN
2008**

„Frábær frumraun ... Stórkostlegur sögumaður.“
Frankfurter Allgemeine Zeitung

**„Djörf, beisk, háðsk, andstyggileg
og hrikalega girnileg.“**

The Times of India

**„Þetta er æsileg lesning, krassandi og kaldhæðin
... Söguhetjan, Balram, er kannski samviskulaus
þrjótur, en það er ekki hægt að hafa annað en
samúð með viðleitni hans til að brjótast út úr
þessum hryllingi, úr myrkrinu í ljósið.“**


Egill Helgason / eyjan.is



Varla verður deilt um fegurð Kefalóníu á Grikklandi sem er sögusvið skáldsögu Louis de Bernières, Mandólin Corellis höfuðsmanns. Samnefnd kvikmynd var þar tekin upp og á hvort tveggja þátt í auknum vinsældum staðarins.



Íbúar Savannah í Georgíu vissu ekki hvaðan á sig stóð veðrið þegar ferðamönnum fjölgaði um helming, eða í sex milljónir, eftir að bókin Midnight in the Garden of Good and Evil kom út. Þegar tekjurnar af ferðamönnum lágu fyrir voru hins vegar flestir sáttir.



Ár í Provence eftir Peter Mayle hefur sjálfsagt ekki dregið úr ferðamannastraumi til þessarar frönsku náttúruperlu.




Lengi hefur verið vinsælt að fara í safaríferðir til Gaborone, höfuðborgar Botsvana í Afríku. Með tilkomu sagnabálks Alexanders McCall Smith um Kvenspæjarastofu No. 1 varð einnig eftirsótt að ferðast til heimaslóða kvenspæjarans úrræðagóða Precious Ramotswe.

NORICPHOTOS/GETTY

Mögnuð spennusaga

Ný bók eftir Elías Snæland Jónsson



~~4.990~~

Tilboðsverð
3.990

Hvers vegna klæðist níræður Íslendingur einkennisbúningi hinna illræmdu SS-sveita Þriðja ríkisins áður en hann fremur sjálfsmorð?

Hvers vegna grípa dularfullir menn til örþrifaráða til að afla upplýsinga um rannsóknir þýskra nasista á launhelgum Óðins og Þórs?

Af hverju gera þeir Ísland að vettvangi skuggalegrar starfsemi sinnar?

Ný íslensk spennusaga af bestu gerð eftir verðlaunahöfundinn Elías Snæland Jónsson.

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

Heillandi heimur

Sögusvið skáldsagna geta ekki síður en góð persónusköpun eða vel skrifaður texti haft djúpstæð áhrif á lesendur. Áhrifamiklar lýsingar á staðhættum geta jafnframt laðað til sín ferðamenn sem vilja feta í fótspor uppáhaldssöguhetjunnar sinnar og upplifa töfra hafs og strandar, fallegra héraða, fjalla og frumskóga.



Í kjölfar vinsælda Minninga geishu fengu japönsk stjórnvöld höfundinn Arthur Golden til að taka að sér fararstjórn í Gion-hverfi Kyoto þar sem bókin gerist.



Louvre-safnið í París hefur alltaf verið vinsæll ferðamannastaður en gestum þess fjölgaði um 800.000 á ári eftir útgáfu bókarrinnar Da Vinci lykilsins eftir Dan Brown.



• ERNEST HEMINGWAY

„Fyrir sannan rithöfund ætti hver bók að vera nýtt upphaf þar sem hann streðar á ný að einhverju sem virðist ekki unnt að ná. Hann ætti ávallt að reyna að gera eitthvað sem aldrei hefur verið gert áður, eða það sem aðrir hafa reynt en mistekist að gera. Og stundum, með mikilli heppni, slær hann í gegn.“

Þetta sagði Ernest Hemingway (1899 - 1961) í ræðu sinni þegar hann tók við Nóbelsverðlauninum í bókmenntum árið 1954. Hans frægustu verk eru Vopnin kvödd, Gamli maðurinn og hafið, Og sólin rennur upp og Hverjum klukkan glymur.

Skrifuð í fæðingarorlofi

Húsvíkingurinn Eyrún Ýr Tryggvadóttir sendir frá sér spennusöguna Fimmta barnið fyrir þessi jól en hún er sjálfstætt framhald bókarinnar Hvar er systir mín? sem kom út í fyrra.

Fimmta barnið er önnur skáldsaga Eyrúnar sem fer í almenna dreifingu og segir frá Andreu Þórðardóttur sem birtist lesendum í fyrri bók höfundar Hvar er systir mín? Hún hefur gert róttækar breytingar á lífi sínu og starfar sem blaðamaður. Hún leggur hart að sér til að dreifa huganum en á sama tíma rekur hið undarlegasta mál á fjörur hennar.

Sagan gerist árið 2009 en teygir anga sína áratugi aftur í tímann og koma ýmis fortíðarleymarmál upp á yfirborðið líkt og í fyrri bókinni. „Ég tel ekki ólíklegt að þriðja bókin í röðinni verði til en síðan er ég með ýmislegt annað í skúffunni,“ segir Eyrún og nefnir ljóð, smásögur og ungl-ingabók.

Eyrún skrifaði Fimmta barnið á meðan hún var heima í fæðingarorlofi. „Ég var lengur að skrifa fyrri bókina en þessi bara skotgekk enda barnið vært og ánægt. Ég veit satt að segja ekki hvað ég hefði gert af mér ef ég hefði ekki getað sest við skriftir með fullri virðingu fyrir húsmóðurstarfinu. Það



Eyrún er þegar byrjuð á þriðju bókinni í röðinni en er síðan með ýmislegt annað í gerjun. Bókin kemur út í kilju á næstu vikum.

MYND/ÚR EINKASAFNI

var frábært að geta horfið inn í allt annan heim á meðan barnið svaf,“ segir Eyrún. Hún er enn heima en gegnir annars starfi forstöðumanns Bókasafns Húsavíkur. „Þá er ég í fjarnámi í opinberri stjórnsýslu

við Háskóla Íslands en þar sem ég er búin að vera í mjög löngu fæðingarorlofi ákvað ég að koma

með eitthvað til baka inn á vinnu- markaðinn og styrkja mig þannig í starfi. Ég get því ekki lofað því að næsta bók komi út að ári.“

Eyrún myndi þó tvímælalaust leggja ritstörfin fyrir sig ef hún gæti. „Það væri draumur að geta lifað af ritstörfum en það er ekki raunin eins og er.“ En á bókinn sérstakt erindi við íslenska lesendur í dag? „Já, hún gerist árið 2009 og er lituð af því ástandi sem ríkir en annars er um að ræða afþreyingu og spennu,“ segir Eyrún og bendir á að bókinn, sem er gefin út af Sölku, komi aðeins út í kilju sem ætti að gera verðið viðráðanlegt. Bókin kemur út á næstu vikum.

- ve

Skáldverk fá twitter-meðferð

Bókin Twitterature: The World's Greatest Books Retold Through Twitter verður gefin út hjá bókaútgáfunni Penguin í næsta mánuði. Eins og titillinn gefur til kynna er í bókinni farið Twitter-höndum um söguþráð margra frægustu skáldverka heims.

Notendum samskiptasíðunnar vinsælu Twitter gefst einungis færi á að segja frá því sem á daga þeirra drífur með 140 slögum í hvert sinn. Tveir nemendur í Chicago-háskóla, þeir Emmett Rensin og Alexander Acimen, ákváðu að fara lengra með þessa hugmynd og lýsa innihaldi margra helstu skáldverka heims í fáum slögum.

Sem dæmi má nefna að í Twitter-meðförum þeirra félaga er söguþræði Vítis, fyrsta hluta Hins guðdómlega gleðileiks eftir Dante, lýst á þennan hátt: „Ég á í tilvistarkreppu. Týndur í skóginum. Hefði átt að taka iPhone-inn með mér.“

Plottið í Ödipusi konungi eftir Sófókles er ekki ýkja flókið í Twitter-stíl: „PARTÍ Í ÞEBU!!! Öllum er sama þótt ég hafi drepið þennan gamla gaur, og þessi kona lætur mig ekki í friði.“

Meðal annarra frægra skáldverka sem finna má lýsingu á í bókinni eru Odysseifskviða Hómers og



Víti Dantes er meðal þeirra skáldverka sem tveir bandarískir háskólastúdentar hafa tekið í svokallaða Twitter-meðferð.

Á fundinum verður kynnt sú aðferðafræði sem faghópar nota við mat á þeim þáttum sem áhrif hafa á röðun virkjunarkosta og hugsanlega nýtingu.

1. Náttúrufar og minjar
2. Ferðaþjónusta, útivist og hlunnindi
3. Þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðapróun
4. Orkulindir

Í kjölfar kynninga verða umræður og fyrirspurnir.


Nánari upplýsingar um rammaáætlun má fá á heimasíðunni www.ammaáætlun.is



JOHN LOCKE (1632-1704) LÉST PENNAN DAG.

„Mér hefur alltaf fundist gerðir manna gefa bestu vísbendinguna um hugsanir þeirra.“

Locke var enskur heimspekingur, sem hafði feikileg áhrif með ritum sínum í þekkingarfræði og stjórnspeki. Hann var einn helsti upphafsmaður bresku raunhyggjuhefðarinnar og lagði grunninn að hugmyndafræði frjálshyggju.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 28. OKTÓBER 1848

Dómkirkjan vígð eftir endurbyggingu

Pennan dag árið 1848 var Dómkirkjan í Reykjavík vígð eftir gagngera endurbyggingu. Kirkjan var byggð árið 1796 en árið 1815 var hún ekki talin hæf til messuhalds. Árið 1817 var hún algerlega tekin í gegn og tveimur árum síðar var svo byggt við hana bæði skrudhús og líkhús. Kirkjan var svo aftur stækkuð á árunum 1846 til 1848 og þá bæði hækkuð og byggt við hana.

Eftir það var lítið gert við hana fram til ársins 1878 þegar hún var enn á ný tekin í gegn og vígð að ári liðnu. Upp frá því hefur henni verið haldið við nokkuð



kirkjuprestur þingmenn til Alþingis.

reglulega og nú síðast var turninum breytt í upprunalegt horf.

Dómkirkjan er embættiskirkja biskups Íslands og þar með höfuðkirkja hinnar lúthersku þjóðkirkju Íslands sem og sóknarkirkja nokkurra elstu hverfa Reykjavíkur. Kirkjan er við Austurvöll og frá endurreisn Alþingis árið 1845 hefur sú hefð haldist að þingsetning hefst með messu í Dómkirkjunni og þaðan leiðir dóm-

MERKISATBURÐIR

- 1134 Magnús Einarsson er vígður biskup í Skálholti af Össuri erkbiskupi í Lundi.
- 1449 Kristján I. er krýndur konungur Danmerkur.
- 1601 Rúdolf II., keisari Hins rómverska keisaradæmis, kaupir öll stjórnskoðunartæki Tycho Brahe af Kirsten ekkju hans.
- 1780 Reynistaðabræður leggja af stað úr Árnessýslu norður Kjöl við fimmta mann, með 180 kindur og 16 hesta. Mennirnir farast allir í Kjalhrauni.
- 1981 Hrauneyjafossvirkjun í Tungnaá er tekin í notkun.
- 1987 Þáttur Hermanns Gunnarssonar, Á tali hjá Hemma Gunn, hefur göngu sína í Sjónvarpinu.

AFMÆLI



JULIA ROBERTS leikkona er 42 ára í dag.



STEINN ÁRMANN MAGNÚSSON leikari er 45 ára í dag.



EROS RAMAZZOTTI söngvari er 46 ára í dag.



BILL GATES stofnandi Microsoft, er 54 ára í dag.



LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is
S:HELGASON
Skemmuvégi 48 200 Kóp. sími 557 6677

Vísindapíng

Vísindamiðlun verður eitt aðalumræðuefni fyrirlesturs Ara Trausta Guðmundssonar



ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON

jarðvísindamanns á fundi Vísindafélags Íslands í Norræna húsinu í kvöld sem hefst klukkan 20. Raktar verða breytingar sem orðið hafa á vísindamiðlun frá 1970 og rætt um hve ólíkum hópum hún þjónar, börnum, unglingum, fullorðnum, fólki í atvinnustarfsemi og ráðamönnum. Að endingu verða settar fram hugmyndir um úrbætur á vísindasviðinu, meðal annars um stofnun Akademíu Íslands.



STENDUR Í STRÖNGU Þráinn hefur alla tíð haft nóg að gera en þó aldrei meira en eftir að kreppan skall á.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÞRÁINN SKÓARI: FAGNAR 25 ÁRA AFMÆLI MEÐ AFSLÆTTI OG OPNU HÚSI

Straumhvörf urðu við hrun

Þráinn Jóhannsson skósmíðameistari opnaði skóvinnustofuna Þráinn skóari á Grettisgötu 3 árið 1984 og fagnar því 25 ára rekstrarafmæli um þessar mundir. Hann var einungis 21 árs þegar hann hóf rekstur en á engu að síður talsvert lengri starfsævi að baki.

„Ég hóf störf á skóvinnustofu Einars Högnasonar að Sólheimum 1 þegar ég var fimmtán ára. Það var af einskærri tilviljun og hef ég verið í þessu nánast alla tíð síðan,“ segir Þráinn. Alla tíð hefur hann haft nóg að gera en hann segir þó aldrei hafa verið meira að gera en eftir að kreppan skall á. „Það urðu straumhvörf í þessum efnum síðastliðið haust og hefur verið brjáláð að gera hjá okkur sem og öðrum skósmíðum enda er fólk að nýta skóna sína mun lengur en áður. Til marks um það má nefna að við tókum inn um sextíu til hundrað þör á dag,“ upplýsir Þráinn.

Hann segist skilja þessa þróun mæta vel enda geti stígvél jafnvel kostað um sjötíu þúsund í dag en algengt verð sé í kringum þrjátíu þúsund. „Það kostar aldrei meira en fjögur til fimm þúsund að sóla og hæla skó svo það margborgar sig að láta gera við.“ Þráinn rifjar í því sambandi upp viðtal sem var tekið við hann þegar hann opnaði árið 1984. „Þá kostaði hælplötuvíðgerðin 130 krónur en í dag kostar hún 2.450 krónur sem er ágætis mælikvarði á hversu mikið hefur breyst á ekki lengri tíma.“

Þráinn segist taka eftir því að skótaúið sem komi til hans í dag sé vandadra en áður. „Fyrir svona tíu árum var þetta ótalegt drasl en það var um svipað leyti og buffalo-skórnir voru sem vinsælastir. Ég viðurkenni það fúslega að mér finnst öllu skemmtilegra að eiga við það skótau sem viðgengst í dag.“

Þráinn hefur að sögn mikla ánægju af starfinu. „Hingað kemur mikið af alls kyns fólki og ég hlakka alltaf til að fara í vinnuna.“ Fyrir utan skóviðgerðir er Þráinn með allar viðhaldsvörur auk þess sem hann tekur við fötum í hreinsun. „Það höfum við alltaf gert að erlendra fyrirmynd og hefur það gefist vel. Þá erum við einnig með skóbúð og leggjum mikla áherslu á vandaða vöru,“ segir Þráinn en í búiðinni fást meðal annars skór frá Pertti Palmroth og Stuart Weitzman.

Í tilefni afmælisins verður opið hús milli klukkan 16 og 18 á laugardag auk þess sem Þráinn býður upp á 25 prósentu afslátt af allri vöru og þjónustu í vikunni. „Ég á von á því að álagið aukist til muna við það en þetta er mín leið til að heiðra viðskiptavinina mína í gegnum tíðina.“

vera@frettabladid.is



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Björn Ólafsson

Pverbrekku 4, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut hinn 19. október. Útförin fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 29. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Kolbrún D. Magnúsdóttir
Erla María Kristinsdóttir
Hrafnhildur Björnsdóttir
Magnús Ólafur Björnsson
Oddný Björnsdóttir
Eygló Björnsdóttir
Berglind Björnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ómar Óskarsson
Jón Magnús Katarínusson
Aníta Ýr Eypórsdóttir
Róbert James Abbey
Friðrik Þór Hjartarson
Ólafur Tryggvason



Eiginkona mín,

Helga Ingólfssdóttir

semballeikari,

sem lést 21. október sl., verður jarðsöngin frá Hallgrímskirkju mánudaginn 2. nóvember kl. 15 en tónlistarstund hefst kl. 14.30. Þeim sem vilja minnast Helgu er bent á Sumartónleika í Skálholtskirkju, kt. 700485-0809, reikningur 0334-13-554431.

Porkell Helgason



Ástkær móðir okkar og amma,

Jóhanna Herdís

Sveinbjörnsdóttir

frá Vestmannaeyjum, Borgarholtsbraut 20, Kópavogi,

lést á Landspítalanum, Landakoti, að morgni sunnudagsins 25. október. Útförin verður auglýst síðar.

Ríkharður H. Friðriksson
Jóhanna Vigdís Ríkharðsdóttir
Kristín Helga Ríkharðsdóttir.

Svindl og réttlæti í Þjóðleikhúsinu

Sviðslistahópurinn 16 elskendur sýnir Nígeríusvindlið – verk í vinnslu í Kassanum í Þjóðleikhúsinu í dag, en verkið er sviðslistaviðburður sem fjallar um svindl og réttlæti í víótæku samhengi. Sýningin er afrakstur rannsóknarvinnu sviðslistahópsins en viðfangsefni rannsóknarinnar er stafræn fjárplógsstarfsemi sem starfrækt er frá Vestur-Afríku. Sviðslistahópurinn 16 elskendur var stofnaður í Reykjavík árið 2006 af þremur nemendum í Fræðum og framkvæmd við Leiklistardeild Listaháskóla Íslands. Hópurinn hefur síðan



VERK Í VINNSLU Verkið verður aðeins sýnt einu sinni.

bætt við sig sex meðlimum: premur leikurum, sviðslistamanni, myndlistarmanni og tónskáldi. Hann hefur staðið

fyrir ýmsum sýningum og ber uppsetning á Ikea-ferðum, haustið 2008, og þátttaka í sýningunni Orbis Terræ-

ORA í Þjóðmenningarhúsinu maí 2009 þar einna hæst. 16 elskendur einsetja sér að kanna mörk og þanþol leikhússins sem miðils um leið og þeir taka raunveruleikann til skoðunar og kanna þannig mörk og þanþol samfélagsins. Sýningin, sem hefst klukkan 20, er titluð „verk í vinnslu“ og líta meðlimir hópsins á hana sem lið í lengra ferli. Hún verður þess vegna aðeins sýnd í þetta eina skipti, í það minnsta að svo stöddu. Í henni koma fram þjóðþekktir leynigestir og verður haft samband við ósvikna Nígeríusvindlara.

Lækningalind Bláa lónsins kynnt

Í tilefni Alheimsdags psoriasis verður opið hús í Bláa lóninu – Lækningalind frá klukkan 10 til 20 fimmtudaginn 29. október. Gestum gefst tækifæri á að kynna sér psoriasis-meðferð Bláa lónsins og verður þeim jafnframt boðið að baða sig í lóni Lækningalindarinnar. Bláa lónið hefur unnið markvisst að

málefnum psoriasis-sjúklinga á Íslandi. Auk innlendra sjúklinga hafa meðferðargestir frá 20 þjóðlöndum notið meðferðarinnar. Í dag þjást 125 milljónir manna af psoriasis. Sjúkdómurinn er ekki smitandi og tilgangur alheimsdagsins er ekki hvað síst að fræða fólk um sjúkdóminn og vinna með þeim hætti gegn fordómum.



BLÁA LÓNIÐ



Ástkær bróðir okkar, **Ragnar Magnússon** frá Söndum, Einigrund 4, Akranesi,

andaðist á Landspítalanum 24. október sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

fyrir hönd aðstandenda, Ásta Magnúsdóttir Roberts Aðalheiður Magnúsdóttir



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför eigin konu minnar, móður okkar, tengdamóður, systur, mágkonu og ömmu,

Sigrúnar Helgadóttur Borgarheiði 41, Hveragerði.

Guðmundur V. Ingvarsson Lilja Guðmundsdóttir Guðrún Guðmundsdóttir Björn Guðmundsson Jóna Helgadóttir Drake Árni Helgason Sigurbjörn Helgason Jón Helgason Eiríkur Gylfi Helgason Sigrún, Dagrún Ösp, Íris Alma, Katrín Eik, Magnús Geir og Helgi.

Simon A. Pálsson Össur E. Friðgeirsson Sigríður Magnúsdóttir Ken Drake Elisa Simonardóttir Friða S. Haraldsdóttir Þorgerður Þorvaldsdóttir Gerður Janusdóttir



Ástkær móðir okkar, amma, langamma og langalangamma, **Kristín Friðriksdóttir** frá Norður-Hvoli í Mýrdal,

andaðist föstudaginn 23. október sl. á hjúkrunarheimilinu Hjallatúni í Vík. Jarðarförin fer fram frá Víkurkirkju laugardaginn 7. nóvember og hefst athöfnin kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hjallatún.

Bjarni Kristjánsson Elínborg Kristjánsdóttir Ester Kristjánsdóttir Friðrik Kristjánsson Magnús Kristjánsson Þórarinn Kristjánsson Sigríður Kristjánsdóttir Sigurður Kristjánsson

Snjólaug Bruun Baldur Jóhannesson Bjarni Gestsson Auður Sigurðardóttir Tordis Leirvik Guðmundur Antonsson Alfa V. Sigurðardóttir Hjaltalín



Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma, **Marta Ármannsdóttir** áður til heimilis Lindargötu 57,

lést á Droplaugarstöðum þann 13. október. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Droplaugarstöðum og innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju.

Elín Einarsdóttir Peter Ingemar Thornér Carl-Einar Ingemar Thornér Frida Marta Thornér



Okkar ástkæri **Gísli Búason** Ferstiklu, Hvalfjarðarströnd,

lést sunnudaginn 25. október. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju í Saurbæ, laugardaginn 31. október kl. 14.00.

Helga Gísladóttir Margrét Gísladóttir Ásta Björg Gísladóttir Búi Gíslason Erla Gísladóttir Vilhjálmur Gíslason Guðmundur Gíslason og afabörn.

Ketill Bjarnason Axel Jónsson Örlygur Stefánsson Harpa Hrönn Davíðsdóttir Baldur Gíslason Bára Valdís Ármannsdóttir Sigurlaug Gísladóttir



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma, systir og mágkona, **Ingigerður Karlsdóttir** (áður Irmgard Antonia Meyer), Hraunvangi 7, Hrafnistu, Hafnarfirði,

lést á Landspítala í Fossvogi þann 19. október sl. Að hennar ósk var henni sungin sálumessa frá St. Jósefskirkju í Hafnarfirði í kyrrþey. Innilegar þakkir færum við öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts hennar. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Hrafnistu í Hafnarfirði og á Lungnadeild Landspítala í Fossvogi fyrir mjög góða aðhlynningu.

Bjarni S. Einarsson Ester Bjarnadóttir Einar Siggí Bjarnason Birkir Ingi Bjarnason Hedwig Meyer

Ingibjörg Sigurðardóttir Guðmundur Guðjónsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma, **Auður Vordís Jónsdóttir** síðast til heimilis að Hrafnistu við Kleppsveg, áður til heimilis að Gullsmára 11, Kópavogi,

andaðist á Hrafnistu í Reykjavík laugardaginn 24. október. Jarðsungið verður frá Digraneskirkju í Kópavogsdal mánudaginn 2. nóvember kl. 13.00.

Jón Heiðar Guðmundsson Þóra Björg Stefánsdóttir Elín Guðmundsdóttir Guðjón Á. Einarsson Helga Guðmundsdóttir Ólafur E. Jóhannsson og barnabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi, **Gísli Þór Sigurðsson** rafvirkjameistari, Hraunbæ 103, Reykjavík,

lést á Landspítalanum að morgni mánudagsins 26. október.

Sigurður Gíslason Sigurbjörg Gísladóttir Jón Gíslason

Sigrún Einarsdóttir Hreinn Hjartarson Ástfríður Sigurðardóttir tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eigenmaður minn, **Jóhann Þórir Alfonsson**

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð sunnudaginn 25. október.

Margrét Vigfúsdóttir Alfonsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma, **Gréta Vilborg Böðvarsdóttir** Álfabergi 4, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 23. október. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Gerður Guðmundsdóttir Anna Þórný Annesdóttir Svavar Þór Annesson Barnabörn og barnabarnabörn.

Þorgeir Pétur Svavarsson



Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma, **Ólafía (Lolly) Ásbjarnardóttir** Gerðhömrum 36, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Langholtskirkju föstudaginn 30. október kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta Systrasjóð St. Jósefsspítala (Reikn. 1101-05-401457, kt. 670169-2789) eða Krabbameinsfélag Íslands njóta þess.

Kristófer Kristjánsson Ásbjörn Björnsson Ásta Friðrika Björnsdóttir Guðmundur Karl Björnsson Gunnlaugur Rafn Björnsson Ólafur Björn Björnsson ömmu- og langömmubörn.

Helga Einarsdóttir Svafar Magnússon Guðrún Svava Prastardóttir Linda Gunnarsdóttir Linda Björk Ingadóttir

Hann á afmæli hann Einar



Í tilefni af því að 145 ár eru frá fæðingu hins ástsæla Einars Benediktssonar hafa starfsmenn veitingahússins Einars Ben stillt upp 7 rétta matseðli í anda þess er boðið var upp á í brúðkaupi Einars og Valgerðar Zoega (sem haldið var 15. júní 1899). Við tókum brot af því besta af þeim matseðliseðli og uppfærðum það í nútímalegra form. Hægt að skoða matseðilin á www.einarben.is

Vegna gríðarlegrar eftirspurnar höfum við ákveðið að bjóða upp á þennan sérhannaða afmælismatseðil fram til sunnudagsins 1. nóvember n.k!
Verðinu hefur verið stillt í hóf og kostar aðeins 7.500 kr. á mann!

Fyrir þá sem vilja prófa hluta af seðlinum, verður hægt að panta hvern rétt fyrir sig.

Til að fullkomna kvöldið, mun ein skemmtilegasta jazz hljómsveit landsins, hljómsveit Helga Jazz, spila á Einars Bar föstudags- og laugardagskvöld frá kl. 22:00 til 24:00, aðgangur ókeypis!

Leyfðu þér og þínum að njóta frábærra veitinga í skemmtilegu umhverfi á sanngjörnu verði!

Borðapantanir í síma: 511 5090

Einar Ben
RESTAURANT

Veltusundi 1/Sími: 511 5090 www.einarben.is



NOKKUR ORÐ Anna Margrét Björnsson



Upp með vígtennurnar!

Þegar ég var lítil átti ég heima í grónu og gamaldags úthverfi Lundúnaborgar þar sem haustið læddist ljúflega að manni með lykt af brenndri sinu og shepherd's pie. Á haustin áttu sér líka stað mikil hátíðahöld í formi Guy Fawkes-nætur og Halloween. Síðari hátíðina þekkja Íslendingar sem hrekkjavökuna en hún er farin að síast inn í okkar eigin þjóðarmenningu. Guy Fawkes-nótt er hins vegar brenna sem er haldin 5. nóvember til að minnast þess að Guy Fawkes nokkur var brenndur á báli fyrir svik gegn bresku krúnunni. Dálítið drungaleg ástæða til að gleðjast en hvaða barn gleðst ekki yfir björtu báli á dimmu kvöldi með bolla af heitu kakói á milli handanna?

Á hrekkjavökunni var móðir bestu vinkonu minnar með árlegt krakkaboð þar sem við mættum í

hryllilegum vampírubúningum, drukkum bláan nornadrykk úr seiðpotti og gæddum okkur á ljúffengri graskerssúpu. Svo dönsuðum við trylltan dans í nálægum skógi áður en við bönguðum upp hjá nágrönnum til að betla nammi. Ég hef aldrei losnað við þessa barnslegu gleði sem fylgir því að klæða sig upp á hrekkjavöku og ég held að októbermánuður hafi sjaldan liðið í lífi mínu án þess að ég setti einu sinni upp vígtennur. Í gær keypti ég einmitt vígtennur á börnin og kærastann (kötturinn er með sínar eigin) svo að allir á heimilinu geti fengið útrás fyrir sína innri vampíru næstu helgi.

Mér finnst ekkert að því að við Íslendingar tökum hrekkjavökunni opnum örmum og það væri ráð að grafa upp einhverjar fleiri og þjóðlegri hátíðir til að halda upp á að hausti. Heiðnir menn til forna hljóta að hafa fundið upp á partíum til að hressa upp á skammdegið.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli




■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



UMHVERFISDAGUR FARFUGLA



Hvernig getum við dregið úr umhverfisáhrifum ferðalaga?

Föstudaginn 30. október nk. verður haldinn Umhverfisdagur Farfugla. Þar verður fjallað um áhrif ferðalaga á umhverfið og leiðir sem fara má til að draga úr þeim, bæði af hálfu ferðamanna og ferðaþjónustuaðila.

- 13:30 Fundarsetning. Markús Einarsson framkvæmdastjóri
- 13:45 Umhverfisáhrif ferðalaga? Hulda Steingrímsdóttir hjá Alta
- 14:30 Innsýn í starf á Farfuglaheimilinu í Laugardal Sigríður Ólafsdóttir rekstrarstjóri
- 15:00 Innsýn í starf Hópbíla Pálmar Sigurðsson skrifstofustjóri
- 15:20 Kaffihlé
- 15:50 Meðal hirðingja í Mongólíu Ásta Kristín Þorsteinsdóttir
- 16:10 Innsýn í starf Íslenskra fjallaleiðsögumanna Jón Gauti Jónsson fjallaleiðsögumaður
- 16:40 Á jakk um Jökulfirði Valdimar Harðarson Steffensen
- 17:00 Fundarslit

Nánari upplýsingar um dagskrána er að finna á vefsíðu okkar www.hostel.is/umhverfisdagur

Umhverfisdagur Farfugla verður haldinn kl. 13:30-17:00 í Kornhlöðunni, Bankastræti 2. Aðgangur ókeypis – allir hjartanlega velkomnir.



Farfuglar ■ Borgartún 6 ■ 105 Reykjavík ■ Sími 575 6700 ■ www.hostel.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

Bókmenntir ★★★★★

Yfir hafið og í steininn

Tapio Koivukari

Flutningar á flóttafólki

Þýdd skáldsaga úr finnsku af Sigurði Karlssyni eftir rithöfundinn Tapio Koivukari kom skemmtilega á óvart. Á baki er sagt frá efni sögunnar. Í lok Vetrarstríðsins hófst ný styrjöld í Finnlandi. Þá tók stjórn við í Finnlandi vinveitt Rússum og eitt verkefni hennar var að skila til Sovétríkja-anna öllum flóttamönnum frá Englandi og úr Kirjálabotni. Fyrra svæðið sem var sunnan Pétursborgar og var byggt finnskumælandi fólki var orðið að samyrkjubúðasvæði og þaðan lá straumur flóttafólks. Kirjálabotninn var annað svæði sem var lagt



undir Rússa og þaðan flúði fólk líka. Um þessa flóttamenn fjallar sagan.

Sögumaðurinn er fiskimaður í finnska skerjagjördinum og rekur hann sögu sína á tveimur tímum, endurlíti atvika við flóttaleiðina og svo setu í fangelsi vegna þessara flutninga. Sagan er feikilega vel samin, spennandi, gróskumikil í þröngum farvegi sögunnar, lesandinn er langan tíma að átta sig á þessari rödd og skynja hana og örlog hennar til fulls. Forsagan er smátt og smátt að koma í ljós. Hann er mikill töffari þessi maður en hér er allt fullt af smáatriðum, vel byggðum lýsingum sem færa okkar örugglega inn á vettvanginn. Þetta er örugglega ein af bestu skáldsögum sem komnar eru á markað á þessu hausti, þýdd af miklu öryggi á

safariðan hátt af Sigurði Karlssyni. Páll Baldvin Baldvinsson

Niðurstaða: Frábær og spennandi saga.

Bókmenntir ★★★★★

Svo skal dansa

Bjarni Harðarson

Við erum reköld fátæktarinnar

Fátækar konur og fallaraðar, rekast fyrir vindum litilla efna og ástar um íslenskt samfélag. Þær ber niður austur á fjörðum og ílengjast þar. Þrjár kynslóðir valkyrja, stoltar konur með stóran harm. Allar eignast þær ungar börn, vart af barnsaldri sjálfar, og þurfa að láta frá sér. Hjartasárið grær aldrei en lífið heldur áfram með fleiri börnum og fleiri sögum. Ástin ber að dyrum og stundum virðist lífshamingjan brosa við. En fyrir fátækar, ættlauser konur með ómegð eru kostirnir ekki margir; breiða fisk á flekk í þurrabúðinni og salta síld, eða koma sér að á sveitabæ. Og víst má láta sig dreyma um betra lífs, en til hverju eru draumar og hvers mega fátækar alþýðukonur vænta, eða eins og Sigríður orðar það: „Víst hefði ég viljað eiga dætur sem vitjuðu um mig en hver var ég að fara fram á slíkt?“

Bjarna Harðarsyni tekst á lípran hátt að flétta eigin ættarsögu saman við sögu íslensku þjóðarinnar, sögu alþýðukvenna, sögu erfðarar lífsbaráttu og einbeitts vilja. Bjarni kann að segja sögur, sér það skoplega í lífinu og bregður fyrir sig lýrkinni þegar við á. Svo skal dansa er mikil saga mikilla kvenna sem lifðu við lítil efni.

Kolbeinn Óttarsson Proppé

Niðurstaða: Vel skrifuð saga um erfiða lífsbaráttu fátækra en viljasterkra kvenna. Heillandi bók.



kvikmynd eftir Hilmar Oddsson

December

Tími til að vera saman

FRUMSÝND 6. NÓVEMBER



BONUS BONUS
Fyrir minna en
400 kr. kílóíð



ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
398 kr.kg.



BÓNUS BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
398 kr.kg.



KJARNAFÆÐI NÝTT KJÖTFARS
398 kr.kg.



KJARNAFÆÐI FROSID SPARHAKK
398 kr.kg.



ALI SALTADIR GRİSASKANKAR
298 kr.kg.



K.S FROSINN INNMATUR *HJÖRTU OG LIFUR*
198 kr.kg.



K.S FROSIN LAMBASVIÐ 268 kr.kg.

BONUS
BÝÐUR BETUR

Sló í gegn með Slori og skít

Fyrsta breiðskífa rokkssveitarinnar Hoffman, Your Secrets Are Safe with Us, er komin í búið. Vinnslan að við hana hófst í október í fyrra á sama tíma og kreppan skall á með miklu ofssori. Bassaleikarinn Sæþór Ágústsson segir að áfallið hafi veitt sveitinni mikinn innblástur. „Við vorum allir uppteknir við að fá sneið af gróðakökunni. Menn komu aðeins niður á jörðina aftur. Við fórum að hafa meiri tíma í þetta og textarnir á plötunni eru mikið til ádeilur um hvernig þjóðfélagið var orðið,“ segir Sæþór. „Sjálfur er ég dálítið hrifinn af þessari kreppu. Mér fannst þjóðfélagið vera orðið ansi svínslegt. Ég held að við höfum bara gott af þessu, bótt þetta sé erfitt á köflum.“

Liðsmenn Hoffman ólust upp í Vestmannaeyjum, þar sem nýja platan var tekin upp. Segja má að þeir félagar hafi fyrst slegið í gegn í heimabæ sínum í sumar eftir að þeir tóku upp stuðningsmannalag ÍBV, Slór og skítur, sem hljómaði í



myndinni Nýju lífi. „Mér skilst að öll eyjan sé undirlögð í þessu,“ segir Sæþór, sem býr í Reykjavík eins og hinir úr sveitinni. „ÍBV-liðið syngur þetta alltaf eftir sigurleiki og við vorum fengnir til að endurútsetja þetta lag.“

Útgáfutónleikar Hoffman verða haldnir á Sódomu 5. nóvember. Fyrst spilar sveitin þó í Volcano Café í Eyjum á föstudaginn, þar sem Slor og skítur mun án efa hljóma að minnsta kosti einu sinni.

- fb

Rússarnir komnir til landsins

Þrjátíu manna tökulið og leikarar frá Rússlandi, Tékklandi og Sviss eru komnir til Íslands í þeim erindagjörðum að taka upp lokasenur fyrir Faust, kvikmynd rússneska leikstjórans Aleksandrs Sokurov.

Tökur á atriðum fyrir nýja mynd rússneska leikstjórans Aleks- andrs Sokurov hefjast hér á landi í vikunni. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá leikur Sigurður Skúlason hlutverk í mynd Sokurovs, sjálfan föður Fausts, en handrit myndarinnar er bæði byggt á frægri bók Thomas Mann og leikverki Goethe um þennan mann sem seldi kölska sálu sína.

Að sögn Kristins Þórðarsonar hjá Saga Film sem þjónustur þennan fjölþýðlega her eru tókurnar ákaflega umfangsmiklar en um fjórutíu Íslendingar koma að þeim með einum eða öðrum hætti. „Þeir verða hérna í tvær vikur, þetta ætti að vera yfirstaðið fyrstu vikuna í nóvember ef allt gengur að óskum.“ útskýrir Kristinn.

Tökuliðið fór víða í gær, heim-
sótti meðal annars Gullfoss, Geysi
og Þingvelli. Kristinn segir hins
vegar endanlega tökustaði ekki
ákveðna en áætlað er að tökur
hefjist rétt fyrir helgi.

Þrír tulkar fylgja hópnum við hvert fótmál og sjá til þess að enginn misskilningur sé í gangi og þá treystir tökuliðið á íslenska

matreiðslu því enginn kokkur var með í för eins og oft hefur nú gerst við minni tækifæri. „Þetta er mjög stórt og skemmtilegt verkefni fyrir okkur og undirbúningur hefur staðið lengi yfir þannig að við erum bara ánægð með að þetta skuli loksins vera brostið á“, segir Kristinn.

freyrigigja@frettabladid.is

SJÖTÍU MANNA TÖKULIÐ

Fylgdarlið **Aleksandrs Sokurov** telur þrjátíu manns en fjórutíu Íslendingar koma að gerð kvikmyndarinnar um Faust með einum eða öðrum hætti. **Sigurður Skúlason** leikur föður Fausts í myndinni.

NÝTT Í BÍÓ

Sími: 553 2075
- bara Lúxus



MICHAEL JACKSON'S
THIS IS IT
EINS OG ÞU HEFUR
ALDRÉI SEÐ BAÐ

POWER SYNING
KL. 10.15



**COUPLES
RETREAT**



JÓHANNES
HEIMIR BAGAÐ...

★★★★½
- S.V. MBL

★★★★½
- Atli Steinin, Bylgjan

★★★★
- A.K. - Útvarp Saga




**FRIDIRJÓFUR
FORVITNI 2**
ÍSLANDSK
TAL

ATH! 650 kr.

SYNINGARTÍMAR

THIS IS IT - POWER	kl. 5.40, 8 og 10.15	L
COUPLES RETREAT	kl. 8 og 10.15	12
FRIDIRJÓFUR FORVITNI: ELTÍÐ APANN	kl. 6 - Ísl. tal	L
JÓHANNES	kl. 6, 8 og 10	L

			
34M 10.10.16 ÁLFABAKKA	34M 10.10.16 KRINGLUNNI		
COUPLES RETREAT kl. 5:50 - 8D - 10:20D	12	AIDA ópera í beinni kl. 6:30	L
COUPLES RETREAT kl. 8 - 10:20	VIP	COUPLES RETREAT kl. 8:10D - 10:30D	12
GAMER kl. 8 - 10:20	16	GAMER kl. 10:30D	16
SKELLIBJALLA M/isl. Tali kl. 6	L	SKELLIBJALLA M/isl. Tali sýnd á morgun kl. 6:15D	L
FAME kl. 5:50 - 8 - 10:20	L	FAME kl. 6:15	L
ORPHAN kl. 8 - 10:20	16	ORPHAN kl. 10:30	16
SURROGATES kl. 8	16	SURROGATES kl. 8:30	16
SURROGATES kl. 6	VIP	ALGJÖR SVEPPI kl. 6:15D	L
ALGJÖR SVEPPI kl. 6D	L	34M 10.10.16 AKUREYRI	
FUNNY PEOPLE kl. 10	12	COUPLES RETREAT kl. 8 - 10:20	12
UPP M/isl. Tali kl. 5:50	L	GAMER kl. 8	16
		ORPHAN kl. 10:20	16

NÝTT Í BIÓ!



EINGÖNGU SÝND Í 2 VIKUR
UPPLIFÐU LISTAMANNINN EINS OG ÞÚ
HEFUR ALDREI SÉÐ HANN ÁÐUR.
ÁÐUR ÓSÉÐ MYNDEFNI SEM
HEIMURINN HEFUR BEDIÐ EFTIR.

LÚXUS L



★★★★★
V.J.V. - Fréttablaðið
★★★★★
S.V. - MBL Þ.Þ. - DV D.D.J. - kvikmyndir.com

16



★★★★★
-VIVA.FBI.
★★★★★
-S.V. MBL
★★★★★
-A.K. - ÚTVARP SAGA

L



★★★★★
-VIVA.FBI.
★★★★★
-S.V. MBL
★★★★★
-T.V. - Kvikmyndir.is
★★★★★
MMJ - kvikmyndir.com

16



★★★★★
-VIVA.FBI.
★★★★★
-S.V. MBL
★★★★★
-A.S.G. - BYGLJAN

7




★★★★★
-VIVA.FBI.
★★★★★
-S.V. MBL
★★★★★
-A.K. - ÚTVARP SAGA

L



★★★★★
-VIVA.FBI.
★★★★★
-S.V. MBL
★★★★★
-A.K. - ÚTVARP SAGA

12



★★★★★
-VIVA.FBI.
★★★★★
-S.V. MBL
★★★★★
-A.K. - ÚTVARP SAGA

18



★★★★★
-VIVA.FBI.
★★★★★
-S.V. MBL
★★★★★
-A.K. - ÚTVARP SAGA

10

SMÁRRÁ BIÓ Sími 564 0000

HÁSHÖLA BIÓ Sími 530 1919

SMÁRRÁ BIÓ		HÁSHÖLA BIÓ			
THIS IS IT	kl. 5:30 - 10:30	L	THIS IS IT	kl. 5:30 - 10:30	L
THIS IS IT LUXUS	kl. 5:30 - 10:30	L	ZOMBIELAND	kl. 8 - 10	16
ZOMBIELAND	kl. 6 - 8 - 10	16	CAPITALISM	kl. 6 - 9	7
FRÍÐA JÓRFA FORVITNI 2	kl. 3:40	L	JÓHANNES	kl. 6 - 8 - 10	L
JÓHANNES	kl. 4 - 6 - 8 - 10	16	GUÐ BLESSIST ÍSLAND	kl. 5:45	L
9	kl. 4	10			
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELÐINUM	kl. 5:20 - 10:40	16			

BORGAR BIÓ Sími 462 3500

REGNBÖGINN Sími 551 9000

BORGAR BIÓ		REGNBÖGINN			
ZOMBIELAND	kl. 8 - 10	16	ZOMBIELAND	kl. 6:30 - 8:30 - 10:30	16
JÓHANNES	kl. 6 - 8 - 10	L	BROKEN EMBRACES	kl. 5:20 - 8 - 10:40	12
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELÐINUM	kl. 5:40	16	STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELÐINUM	kl. 5:20 - 8	16
			INGLOURIOUS BASTERDS	kl. 6 - 9	16
			ANTICHRIST	kl. 10:40	18

ÓDÝRT ALLA DAGA!

**Fjórir
hamborgarar**

498 kr. pk.

4 hamborgarar
og 4 brauð

alltaf í leiðinni!

EXPO - www.expo.is

Helgi Seljan kynnir grínið

Grínhópurinn Mið-Ísland stendur fyrir ókeypis skemmtun á Batteríinu (áður Organ) annað kvöld kl. 21.30. Í hópnum eru Ari Eldjárn, Jóhann Alfreð, Dóri DNA, Bergur Ebbsi og Árni Vilhjálmsson. Sjónvarpsmaðurinn og verðandi Akureyringurinn Helgi Seljan var munstraður til að vera kynnir á kvöldinu. „Ég hitti hann baksviðs eftir einhverja tónleika um daginn og við drukkum vodka af stút og sögðum karlmannlega hluti, en mér leið raunverulega eins og

VERÐUR HANN DÓNI OG FÍFL?
Helgi Seljan kynnir grín Mið-Íslands.



FURSTAR Geir Ólafsson og André Bachmann spila á Kringlúkránni í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Egill og Páll með Furstum

Hljómsveitin Furstarnir með Geir Ólafsson í fararbroddi heldur sína árlegu tónleika á Kringlúkránni 6. og 7. nóvember. Aðrir söngvarar auk Geirs verða þau Ólafur Gaukur, Svanhildur Jakobsdóttir, André Bachmann, Egill Ólafsson og Páll Rósinkrans. „Þetta er í fyrsta skipti sem þeir eru með okkur þarna. Það er mikill heiður að hafa þá,“ segir Geir um þá Egil og Pál. Geir er sjálfur að undirbúa nýja dúettaplötu þar sem eingöngu konur munu syngja með honum, þar á meðal Móeiður Júníusdóttir. Upptökur hefjast í nóvember og verður platan tilbúin næsta vor.

Eivör í beinni

Opnunartónleikar Womex-heims-tónlistarhátíðarinnar í Kaupmannahöfn verða sendir út í beinni útsendingu á Rás 2 í kvöld. Opnunartónleikarnir eru að þessu sinni helgaðir norrænni tónlist. Heiða Árnadóttir, söngkona hljómsveitarinnar Mógils, er ein þeirra sem koma fram með hljómsveitinni. Það gerir líka Eivör Pálsdóttir, fösturdóttir Íslands. Útsending stendur frá klukkan 19 til 20.30.



SYKUR Á Batteríi í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Styrkja nema

Fjögur af heitustu nýböndunum í dag slá saman í tónleika í kvöld til styrktar nemendum í Myndlistaskólanum í Reykjavík. Nemarnir stefna á námsferð til Prag. Böndin sem spila eru Úti-dúr, Nolo, Bárújárn og Sykur. Öll böndin spiluðu á Airwaves-hátíðinni og fengu góða dóma. Tónleikarnir fara fram á Batteríinu. Þeir hefjast kl. 21 og það kostar 500 kall inn.

rækju og lyppaðist út og hakkaðist í leigubílnum heim,“ segir Bergur Ebbsi. Hann þurfti að herða sig mikið upp áður en hann þorði að hringja í Helga. „Jú, hann virkar svo harður í sjónvarpinu og er nokkuð röff týpa. En Helgi tók frábærlega í þetta og er farinn að bryðja haltu-kjafti brjóstsýkur í gríð og erg til að hafa kjálka vélbyssukjaftsins í toppformi á fimmtudaginn.“

Ástæðan fyrir því að Mið-Ísland vildi fá Helga til að kynna er einföld. „Við höfum engan áhuga á að presentera okkur sem einhverja 101 hipstera sem halda kaldhæðin „grínkvöld“ á börum bæjarins. Við viljum segja grín fyrir alþýðuna. Hipsterana og flíspeysuliðið í bland og Helgi er þannig „heads on“ gæi sem hristir upp í báðum hópnum.“



ENGIR 101 HIPSTERAR Mið-Ísland vill líka grínast fyrir flíspeysuliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

★★★★★
E.B. FRÉTTABLAÐIÐ
★★★★★
DV

GRAL
KYNIR:

HORN @ HÖFÐI

FRÁBÆRT FJÖLSKYLDULEIKRIT

NÆSTU SÝNINGAR:

Lau	31. okt	kl.16:00	ÖRFÁ SÆTI LAUS
Sun	8. nóv	kl.13:00	ÖRFÁ SÆTI LAUS
Sun	8. nóv	kl.15:00	
Sun	15. nóv	kl.13:00	ÖRFÁ SÆTI LAUS
Sun	15. nóv	kl.15:00	

MÍÐASALA Á: WWW **medi.is** OG Í SÍMA **823 5477**

SÝNT Í HAFNARGÖTU 7A, GRINDAVÍK

KÖNNUN A3 / HÍSA, LÖSUNING, BRUNNBERG

FÖRUNEYTI

BARNSENS

VELFERÐ OG VERULEIKI

MÁLÞING MENNTAVÍSINDASVIÐS HÍ 29. – 30. OKTÓBER 2009

FIMMTUDAGUR 29. OKTÓBER

14.00-14.30

Setning: Jón Torfi Jónasson
forseti menntavísindasviðs
Ávarp menntamálaráðherra
Ávarp frú Vigdísar Finnbogadóttur
Verðlaunaafhending rannsóknar-ráðs menntavísindasviðs

14.30-15.30

Aðalfyrirlesari
dr. Charles Desforges
The Impact of Parental Involvement on Pupil Achievement

15.30-16.00

KAFFIHLÉ

16.00-17.00

Málstofur/Hringborð

FÖSTUDAGUR 30. OKTÓBER

14.00-15.30

Málstofur/Hringborð

15.30-16.00

KAFFIHLÉ

16.00-17.00

Málstofur/Hringborð

17.00

Léttar veitingar

Nauðsynlegt er að skrá sig til þátttöku á heimasíðu menntavísindasviðs, www.hi.is þar sem einnig er að finna dag-skrá og útdrætti erinda. Málþingið er haldið í Aðalbyggingu menntavísindasviðs HÍ v/Stakkahlíð. Aðgangur ókeypis.

> Sextán leikmenn í pressuliðinu

Pressulið íþróttafréttamanna sem mætir landsliðinu í æfingaleik á morgun er skipað eftirtöldum leikmönnum: Markverðir eru Birkir Ívar Guðmundsson (Haukum) og Pálmar Pétursson (FH). Aðrir leikmenn: Arnór Þór Gunnarsson (Val), Björgvin Hólmgeirsson (Haukum), Ernir Hrafn Arnarsson (Val), Fannar Friðgeirsson (Val), Freyr Brynjarsson (Haukum), Guðlaugur Arnarsson (Akureyri), Haraldur Þorvarðarson (Fram), Oddur Grétarsson (Akureyri), Orri Freyr Gíslason (Val), Ólafur Gústafsson (FH), Ragnar Hjalttested (HK), Ragnar Þór Jóhannsson (Selfoss), Sígurður Arni Ægisson (FH), Valdimar Fannar Þórsson (HK).

sport
sport@frettabladid.is



ARON KRISTJÁNSSON: STÝRIR PRESSULIÐINU ÁSAMT KRISTJÁNI HALLDÓRSSYNI GEGN LANDSLIÐINU

Íþróttafréttamenn hafa meira vit en ég hélt

Íslenska karlalandsliðið í handbolta mun á morgun leika æfingaleik gegn svokölluðu pressuliði sem íþróttafréttamenn sáu um að velja. Liðið er skipað leikmönnum sem spila hér á landi en það fellur í hlut þeirra Arons Kristjánssonar og Kristjáns Halldórssonar að stýra því af hliðarlínunni.

„Þetta sýnir að íþróttafréttamenn vita greinilega miklu meira um handbolta en maður hélt,“ sagði Aron og hló þegar hann var spurður um sitt mat á vali íþróttafréttamanna. „Mér list vel á þetta enda skemmtilegt verkefni. Þessir strákar fá nú að spreyta sig gegn einu sterkasta landsliði í heimi. Hér er búið að setja saman úrvalslið úr íslensku deildinni og mikið af efnilegum strákum í því. Þeir fá nú tækifæri til að láta ljós sitt skína og sýna að þeir eigi ef til vill erindi í æfingahóp landsliðsins,“ bætti Aron við. „Þarna má án nokkurs vafa finna marga framtíðarleikmenn landsliðsins.“

Hann segist nokkuð sáttur við hvernig pressuliðið er skipað. „Sjálfsagt hefði það lítið aðeins öðruvísi út ef maður hefði sjálfur sett það saman en það má ef til

vill segja að þetta séu þeir leikmenn sem hafa staðið sig hvað best í byrjun tímabilsins í haust.“

Hann sagði liðið þó myndu ekki koma saman á æfingu í dag heldur kæmu leikmenn beint í leikinn. Þrátt fyrir það ætlar Aron að veita landsliðinu almennilega mótspyrnu.

„Við munum að sjálfsögðu að reyna að gera þetta að almennilegum leik. Leikmenn koma vitaskuld hver úr sinni átt en það er okkar þjálfaranna að finna nokkur sameiginleg atriði sem liðið getur nýtt sér.“

Leikurinn fer fram í Laugardalshöllinni á morgun klukkan 19.30 og er aðgangseyrir þúsund krónur. Frítt er fyrir fimmtán ára og yngri. Forsvarsmenn HSI sögðu að blaðamannafundi í gær að þeir vonuðust eftir góðri mætingu á leikinn enda líklega síðasti leikur landsliðsins hér heima á þessu ári.

Aron tók undir það. „Það gerist ekki oft að landsliðsstrákarnir eru flestir samankomnir á landinu. Það er því vonandi að fólk fjölmenni og styðji vel við bakið á pressuliðinu,“ sagði hann og brosti.



ÚRSLIT

N1-deild kvenna

Fylkir-Stjarnan	21-33
FH-Víkingur	36-19

Enski deildarbikarinn

Barnsley-Manchester United	0-2
0-1 Danny Welbeck (6.), 0-2 Michael Owen (59.).	
Emil Hallfreðsson lék allan leikinn fyrir Barnsley.	
Portsmouth-Stoke	4-0
1-0 Frederic Piquionne (17.), 2-0 Danny Webber (55.), 3-0 Piquionne (59.), 4-0 Kanu (81.).	
Hermann Hreiðarsson var ekki í leikmannahópi Portsmouth vegna meiðsla.	
Sunderland-Aston Villa	0-0*
*Framlenging stóð yfir þegar blaðið fór í prentun.	
Blackburn-Peterborough	5-2
1-0 Morten Gamst Pedersen (4.), 1-1 Chris Whelpdale (17.), 2-1 Steven Reid (45.), 2-2 George Boyd (50.), 3-2 Michel Salgado (57.), 4-2 Benni McCarthy (72.), 5-2 Nikola Kalinic (74.).	
Tottenham-Everton	2-0
1-0 Tom Huddlestone (31.), 2-0 Robbie Keane (57.).	

Sænska úrvalsdeildin

Gautaborg-Halmstad	2-2
Jónas Guðni Sævarsson lék allan leikinn með Halmstad og skoraði seinna mark liðsins og Ragnar Sigurðsson lék allan leikinn með Gautaborg.	

Undirbúningur fyrir EM 2010:

Mæta Frökkum og Þjóðverjum

HANDBOLTI Ísland leikur fimm æfingaleiki í janúar næstkomandi fyrir Evrópumeistaramótið í Austurríki. Fyrst mætir landsliðið Þjóðverjum ytra í tveimur leikjum og svo Portúgal heima 13. janúar. Þá tekur liðið þátt í sterku æfingamóti í Frakklandi en enn er óljóst hvaða önnur lið taka þátt í mótinu.

- esá

Veit að til mikils er ætlast af mér

Ólafur Stefánsson er ánægður með að vera kominn í þýsku úrvalsdeildina á ný en hann leikur nú með Rhein-Neckar Löwen. Hann segir í samtali við Fréttablaðið að hann hafi þurft á nýrri áskorun að halda.

HANDBOLTI Ólafur Stefánsson hefur farið vel af stað með sínu nýja liði, Rhein-Neckar Löwen, í þýsku úrvalsdeildinni í haust. Hann kom til liðsins í sumar frá Ciudad Real á Spáni þar sem hann átti gríðarlegri velgengni að fagna þau sex ár sem hann var þar. En í haust tók við nýr kafla á hans ferli.

„Þetta var það sem ég bað um og vildi fá. Ég vildi fá nýja áskorun,“ sagði Ólafur í samtali við Fréttablaðið í gær. „Ég vissi að ég væri að fara í lið sem væri allt öðruvísi samansett og þyrfti að byggja upp frá grunni. Fyrstu tvo mánuðina skaut ég því eiginlega ekkert á markað því ég vildi sjá hvað gerðist þegar ég gaf boltann. Sökuninni lýkur með skoti og því olli forvitni mín því að ég spilaði boltanum frá mér að mestu leyti í fyrstu bara til að sjá hvað yrði úr því.“

Hann sagði að það væri einnig góð leið til að kynna nýjum samherjum og fyrir þá að kynna sér. „Þeir þurftu líka að finna fyrir því að ég væri ekki örvæntingarfullur enda þarf ég ekki að troða mér fram líkt og ég væri 22 ára gamall. Það gefur þeim líka ef til vill öryggisfinningu í sínum leik.“

Þessi tilraunastarfsemi, eins og Ólafur kemst sjálfur að orði, kostaði ekki nema tvo tapleiki í haust. „Við töpuðum fyrir Kiel og Hamburg og vorum við kannski óheppnir að mæta þessum tveimur sterkum liðum svo snemma á tímabilinu. Liðið þurfti bara tíma til að smella saman. En þetta er allt að koma og slípast saman hjá okkur.“



KUNNUGLEG STELLING Ólafur segir að hann hafi frekar viljað gefa á samherja sína en skjóta fyrstu tvo mánuði sína hjá Rhein-Neckar Löwen.

NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Ólafur segir að þrátt fyrir allt hafi fátta komið sér á óvart síðan hann gekk til liðs við Löwen. „Ég veit að það er til mikils ætlast af mér. Bæði á ég að bæta ákveðna

hluti í kringum mig ásamt því að ég þarf að sinna mínu hlutverki. Enda er ekki hægt að bæta neitt í kringum sig ef maður er ekki að sinna sínu – þegar maður nýtur

ekki virðingar þá minnkar vægi orðanna. Þannig er bara lífið.“

En hann viðurkennir að breytingin sé ekki auðveld enda var hlutverk hans hjá Ciudad Real löngu orðið fastmótað. „Ég þurfti ekkert að hafa fyrir þessu þar og ræddi nánast aldrei við mína félagamenn um handbolta. Þjálfararnir sáu bara um þá hlið. Í mesta lagi þurftum við að slípa nokkra hluti til en annars gekk liðið bara eins og vél. Það sást best þegar Ciudad Real vann Hamburg í Meistaradeildinni fyrir stuttu. Það keyrði áfram á skipulagi sem er búið að þróast í fjögur ár. Það var í raun fallett að fylgjast með því.“

Ólafur er með tvo íslenska samherja í Rhein-Neckar Löwen – þá Guðjón Val Sigurðsson og Snorra Stein Guðjónsson. Hann segir það kost að spila með Íslendingum.

„Ég er búinn að spila með þeim svo lengi og var það til dæmis frábært fyrir mig að fá Snorra inn á miðjuna. Það einfaldaði hlutina mikið fyrir mig. Við höfum einnig verið að vinna lengi saman með landsliðinu og það skilar sér líka í samvinnu okkar hjá Löwen.“

Rhein-Neckar Löwen er í þriðja sæti þýsku úrvalsdeildarinnar með tólf stig af sextán mögulegum. Kiel og Hamburg eru einu taplausu liðin í deildunum og í tveimur efstu sætum deildarinnar.

Liðið er einnig í góðum málum í Meistaradeild Evrópu, er í efsta sæti síns riðils með fimm stig eftir þrjá leiki.

eirikur@frettabladid.is

RJÚPNASKOT

25 SKOT FRÁ 1.790



INTERSPORT

VEIÐIDEILD - OPIÐ 7 DAGA VIKUNNAR

Húsgagnahöllinni, Bildshöfða, sími 585 7239. Lindir, Skógarland 2, sími 585 7262

Ísland mætir Norður-Írlandi í undankeppni HM: Verðum að vinna

FÓTBOLTI Eftir svekkjandi tap gegn Frakklandi í undankeppni HM 2011 um síðustu helgi er ljóst að kvennalandslið Íslands er með bakið upp við vegg og má ekki við því að misstíga sig það sem eftir er í undankeppninni. Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson gerir sér fyllilega grein fyrir því og vonast til þess að sjá jákvæð viðbrögð frá stelpunum í kvöld.

„Við vorum ef til vill með aðeins vængbrotið lið gegn Frökkum en fyrir utan það þá spiluðum við ekki nægilega vel. Frakkarnir áttu reyndar mjög góðan dag og það var svona ýmislegt sem spilaði inn í. Tapið þýðir hins vegar að við verðum að vinna alla hina leikina í undankeppninni til þess að

geta sett upp úrslitaleik gegn Frökkum á Laugardalsvelli næsta sumar og það er það sem við ætlum að gera. Við ætlum því að byrja þetta á sigri gegn Norður-Írum,“ segir Sigurður Ragnar.

„Við rennum svolítið blint í sjóinn fyrir þennan leik því við höfum aldrei mætt þeim áður og höfum bara séð einn leik með þeim á myndbandi þannig að það er dálítið erfitt að dæma út frá því. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef í höndunum eigum við að vera með betra lið en við verðum þá líka að sýna það inni á vellinum,“ segir Sigurður Ragnar að lokum.

Margrét Lára Viðarsdóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir voru tæpar fyrir leikinn þegar Fréttablaðið heyrði í Sigurði Ragnari í gærkvöldi en hann útilokaði ekki að þær yrðu með í kvöld.

- óþ



SIGURÐUR RAGNAR Er vongóður fyrir leikinn gegn Norður-Írlandi í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



BARÁTTA Emil Hallfreðsson reynir að stoppa Gabriel Obertan. NORDIC PHOTOS/AFP

Enski deildarbikarinn í gær:

United lagði Emil og féлага

